


2004

ÁRSSKÝRSLA

RÍKISSKATTSTJÓRA



RSK



Embætti ríkisskattstjóra á árinu 2004 gegndi Indriði H. Þorláksson. Ákvarðanir um framkvæmd þeirra verkefna sem RSK eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eru teknar af ríkisskattstjóra og yfirstjórn embættisins. Í henni eiga sæti auk ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóri og forstöðumenn þjónustusviðs, réttarsviðs, eftirlitssviðs, fyrirtækjaskrár og rekstrarskrifstofu.

Ríkisskattstjóri er ábyrgur gagnvart fjármálaráðherra fyrir rekstri embættisins.

## Ársreikningur RSK 2004

### Rekstrarreikningur fyrir árið 2004

	2004	2003
<b>Tekjur:</b>		
Sértekjur .....	5.184.842	5.847.596
Aðrar rekstrartekjur .....	68.625.858	28.426.700
<b>Tekjur samtals</b>	<b>73.810.700</b>	<b>34.274.296</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Launagjöld .....	440.939.287	382.407.590
Önnur starfstengd gjöld .....	11.107.014	10.920.139
Rekstrarvörur og risna .....	17.733.938	15.653.921
Prentun og póstburðargjöld .....	76.053.257	74.989.891
Aðkeypt þjónusta .....	58.462.554	57.364.361
Húsnæðiskostnaður .....	21.904.146	21.618.493
Rekstur skattvinnslukerfa .....	236.060.066	232.385.249
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>862.260.262</b>	<b>795.339.644</b>
<b>Stofnkostnaður:</b>		
Stofnkostnaður skattvinnslukerfa .....	54.947.332	18.448.227
Annar stofnkostnaður og eignakaup .....	9.730.891	36.074.110
<b>Gjöld alls</b>	<b>926.938.485</b>	<b>849.861.981</b>
<b>Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags .....</b>	<b>(853.127.785)</b>	<b>(815.587.685)</b>
Ríkisframlag .....	858.000.000	856.635.000
Tekjuafgangur (halli) .....	4.872.215	41.047.315

# 2004



## Efnahagsreikningur fyrir árið 2004

	2004	2003
<b>Eignir:</b>		
<b>Veltufjármunir:</b>		
Ríkissjóður . . . . .	82.173.549	17.346.345
Viðskiptakröfur . . . . .	699.546	17.499.352
Handbært fé . . . . .	8.647.449	31.966.308
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>91.520.544</b>	<b>66.812.005</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun . . . . .	52.189.328	11.142.013
Tekjuafgangur (halli) á árinu . . . . .	4.872.215	41.047.315
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>57.061.543</b>	<b>52.189.328</b>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Viðskiptaskuldir . . . . .	34.459.001	14.622.677
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>34.459.001</b>	<b>14.622.677</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>91.520.544</b>	<b>66.812.005</b>

## Sjóðstreymi árið 2004

	2004	2003
<b>Handbært fé frá rekstri:</b>		
<b>Veltufé frá rekstri:</b>		
Tekjuafgangur (halli) . . . . .	4.872.215	41.047.315
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>4.872.215</b>	<b>41.047.315</b>
<b>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</b>		
Skammtímakröfur (hækkun) . . . . .	16.799.806	(16.566.653)
Viðskiptaskuldir (lækkun) . . . . .	19.836.324	(24.198.475)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>36.636.130</b>	<b>(40.765.128)</b>
Handbært fé frá rekstri . . . . .	41.508.345	282.187
<b>Fjármögnunargreyingar</b>		
Breyting á stöðu ríkissjóðs:		
Framlag ríkissjóðs . . . . .	(858.000.000)	(856.635.000)
Greitt úr ríkissjóði . . . . .	793.172.796	888.297.160
<b>Fjármögnunargreyingar</b>	<b>(64.827.204)</b>	<b>31.662.160</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé . . . . .	(23.318.859)	31.944.347
Handbært fé í ársbyrjun . . . . .	31.966.308	21.961
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>8.647.449</b>	<b>31.966.308</b>



# Inngangur

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri

Árið 2004 var viðburðaríkt fyrir RSK að því er stjórnýsly og skipulag varðar og teknar voru ákvarðanir um verkefni RSK og skipulag sem móta munu starfsemi embættisins næstu árin. Þessar ákvarðanir áttu sér mismunandi aðdraganda og feril en áttu það sameiginlegt að fjalla um hlutverk RSK í skattkerfinu, verkefni embættisins og áherslur í starfi.

Á haustmánuðum 2003 hófst vinna starfsmanna RSK um stefnumótun fyrir embættið þar sem tilgangurinn var að draga fram hlutverk þess og kveða á um leiðarljós í starfi þess, setja því markmið og skilgreina verkefni í samræmi við þau. Vinnu þessari var haldið áfram á árinu 2004. Fyrsta hluta hennar lauk með áfangaskýrslu á miðju því ári og öðrum áfanga í lok ársins með útgáfu á „Stefnuriti RSK 2005 – 2009“ þar sem fram eru sett helstu atriði stefnumótunarinnar.

Í upphafi árs 2004 lauk úttekt sem fjármálaráðuneytið hafði staðið fyrir á verkefnum RSK og fjárveitingum til framkvæmdar þeirra. Jafnframt ákvað fjármálaráðuneytið að lokið yrði gerð árangursstjórnunarsamnings við RSK og skattstjórana ásamt endurskoðun slíkra samninga við aðrar stofnanir skattkerfisins. Lauk þeim viðræðum með undirritun árangursstjórnunarsamnings í maí 2004. Í honum er kveðið á um hlutverk RSK, settur rammi um samskipti embættisins við ráðuneytið og kveðið á um helstu verkefni og settar áherslur til lengri og skemmri tíma. Í tengslum við samninginn og í samræmi við áherslur í honum ákvað fjármálaráðuneytið að auka fjárheimildir RSK um 30 m.kr., en embættið hafði sætt niðurskurði mörg undanfarandi ár og ekki fengið fé í samræmi við aukin verkefni.

Þá ákvað fjármálaráðuneytið á fyrri hluta

ársins 2004 að skatteftirlit fyrir skattstofur utan Reykjavíkur og Reykjanesumdæmis skyldi fært frá RSK - þar sem það hafði verið frá 1997 - yfir á skattstofurnar á Akranesi og á Akureyri og yrðu fjárveitingar vegna þeirra verkefna færðar til í samræmi við það.

Af framangreindum ástæðum og breyttum viðhorfum til verkefna RSK og stjórnunarháttá var ákveðið að taka skipulag RSK til endurskoðunar en það hafði verið óbreytt í öllum meginatriðum frá 1999. Fór sú vinna fram á fyrri hluta ársins og kom nýtt skipulag til framkvæmda frá 1. júlí.

Stjórnunarleg sjónarmið við endurskipulagningu RSK voru að miða skipulagið við hlutverk og eðli verkefna í stað skatttegunda, sem einkennt höfðu fyrra skipulag. Verkefni embættisins voru flokkuð og greind í skattaréttarleg verkefni, framkvæmd og þjónustu, skatteftirlit og fyrirtækjaskráningu. Þessu til viðbótar koma stoðverkefni svo sem rekstur embættisins, starfsmannamál, fræðslumál og öryggismál. Á þessum grundvelli var ákveðið að embætti RSK skyldi greinast í eftirtalin svið: Réttarsvið, þjónustusvið, eftirlitssvið, fyrirtækjaskrá og rekstrarskrifstofu, sem heyra hvert um sig undir forstöðumann. Auk þess var gert ráð fyrir starfsmannastjóra, fræðslustjóra og öryggisstjóra, sem heyra beint undir ríkisskattstjóra.

Réttarsvið fer með málefni sem varða skattarétt og stjórnýslurétt í skattamálum. Sviðið veitir almenningi og fyrirtækjum leiðbeiningar og þjónustu með skipulagðri símsvörun og móttöku þeirra sem til RSK leita eftir upplýsingum um skattaleg málefni og skattarétt svo og skriflegum svörum við fyrirspurnum. Réttarsviðið skiptist í tvær deildir, lögfræðideild og úrskurðadeild. Lögfræðideild fer með mál sem snerta túlkun laga,



2004

gerð leiðbeininga, setningu verklagsreglna og önnur almenn lögfræðileg mál. Lögfræðideildin undirbýr gerð almennra matsreglna svo sem um reiknað endurgjald og skattmat sem og um mál sem snerta ársreikninga og bókhald. Hún fer með mál sem varða skattskyldu erlendra aðila og ívilnanir skv. tvísköttunarsamningum. Deildin sér um gerð bindandi álita, kröfugerðir fyrir yfirskattanefnd og umsagnir um dómsmál. Lögfræðideild svarar fyrirspurnum um túlkun skattalaga og reglna sem settar eru samkvæmt þeim og sér um samskipti og ráðgjöf við skattstofur í þeim efnum. Lögfræðideild fjallar um mál sem varða aðgang að upplýsingum í forum skattfyrivalda.

Úrskurðadeild réttarsviðs fer með mál sem snúa að skattskyldu og ákvörðunum skattkvaða og skattalegra réttinda tiltekinna aðila. Hún fer með afgreiðslu skatterinda og ákvarðanir um framsendingu þeirra, úrskurðar um ívilnanir skv. 65. gr. I. 90/2003 og stjórnsýslukæur, endurákvæðar í málum frá Skattrannsóknarstjóra ríkisins og eftirlitsmálum RSK.

Undir þjónustusvið fellur þjónusta sem tengist skattframkvæmd og varðar annað en lagaleg álitamál, svo og umsjón með stefnumótunar-, stjórnunar- og skipulagsvinnu embættisins. Með þjónustu er átt við þjónustu við skattstofur, launagreiðendur, framteljendur og aðra sem hafa skattalegum skyldum að gegna eða eiga samskipti við embættið. Sviðið starfar í fjórum deildum; álagningardeild, upplýsingatæknideild, bifreiðagjaldadeild og vélbúnaðardeild. Álagningardeild fer með mál er varða álagningu beinna skatta, virðisaukaskatts, og vörugjalda. Þar undir fellur allur undirbúningur, ákvörðun álagningarferils, ákvörðun skilafresta, forskráning álagningarupplýsinga, þ.m.t. fjárhagsupp-

lýsinga, gerð gagna, dreifing þeirra, gerð skattgrunnskráa, regluþrófanir vegna álagningar, þjónusta við skattstofur vegna álagningarvinnu o.s.frv. allt til að álagningarferlinu lýkur með skilum til Fjárslu og tilkynningum til gjaldenda. Ennfremur sér deildin með sama hætti um alla framkvæmd sem tengist framangreindum sköttum svo sem staðgreiðslu opinberra gjalda, staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, staðgreiðslu skatta erlendra aðila og álagningu þeirra svo og framkvæmd reiknaðs endurgjalds.

Upplýsingatæknideild fer með hugbúnaðarmál vegna skattframkvæmdar, rekstur hugbúnaðarkerfa skattkerfisins, viðhald þeirra, endurnýjun og nýsköpun, þróun rafrænnar þjónustu og umsjón rafrænnar upplýsingamiðlunar og vefþjónustu, þ.m.t. upplýsingavefja RSK. Hún sér um þarfagreiningu, gerð kostnaðaráætlana, úttekt og prófanir tölvukerfa. Hún annast samninga vegna þessara verkefna, hýsingar á tölvukerfum o.fl. og gerir starfsáætlanir vegna þeirra innan þess fjárhagsramma sem yfirstjórn setur. Deildin sér um gerð og rekstur kerfa fyrir rafræn skattskil og aðra rafræna þjónustu. Deildin skal vinna að mótun stefnu í upplýsingatækni fyrir skattframkvæmd og vera leiðandi á sviði rafrænnar þjónustu.

Bifreiðagjaldadeild fer með mál er varða álagningu bifreiðagjalda, þungaskatts og úrvinnslugjalds á bifreiðar svo og áfengisgjalds.

Vélbúnaðardeild fer með vélbúnaðarmál, rekstur á tölvum RSK og staðalhugbúnaði sem á þeim er keyrður, staðarnet RSK og víðnet skattkerfisins, skrifstofukerfi og notendþjónustu. Hún undirbýr samninga um kaup á vélbúnaði og sér um framkvæmd þeirra.

Undir eftirlitssvið falla málefni sem snerta skatteftirlit, stefnumótun þess, samræmingu og



framkvæmd, öflun og miðlun upplýsinga vegna skattframkvæmdar og á grundvelli tvísköttunarsamninga svo og eftirlit með skattskilum og skattlagningu í vissum tilvikum. Þá fer það einnig með eftirlit með greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða og eftirlit með framkvæmd fæðingarorlofs. Eftirlitssviðið skiptist í 3 deildir, upplýsingaöflunardeild, áætlunardeild og eftirlitsdeild.

Upplýsingaöflunardeild sér um öflun fjárhagsupplýsinga skv. 92. gr. l. 90/2003 svo og annarra álagningar- og eftirlitsupplýsinga skv. skattalögum til notkunar við skattframkvæmd, t.d. við forskráningu og regluþrófun. Deildin sér um vistun eftirlitsupplýsinga og miðlun þeirra vegna skatteftirlits til skattstjóra. Hún fer með mál er varða upplýsingaskipti við erlend skattfyrirvöld á grundvelli tvísköttunarsamninga og annarra milliríkjasamninga, þ.m.t. móttöku og miðlun reglulegra og tilfallandi eftirlitsupplýsinga. Deildin sér um eftirlit með iðgjöldum í lífeyrissjóði og eftirlit með framkvæmd fæðingarorlofs.

Áætlunardeild sér um stefnumótun og samræmingu á skatteftirliti skattstjóra á landinu öllu. Hún annast gerð árlegra eftirlitsáætlana og vinnur áhættugreiningu vegna þeirra og skatteftirlits almennt. Hún semur leiðbeiningar og verklagsreglur fyrir skatteftirlit. Deildin sér um eftirfylgni með skatteftirliti, m.a. með skipulagningu á skráningu umfangs og árangurs af skatteftirliti. Deildin afgreiðir erindi skattstjóra um flutning á framtals- og álagningarstað.

Eftirlitsdeild fer með skatteftirlit í sérstökum málum sem embættið tekur upp. Hún gerir úttekt á skattskilum á tilteknum sviðum, svo sem eignatengslum og fjármagnsflutningum milli landa, starfsemi fyrirtækja sem dreifast á mörg skattumdæmi, viðskiptum við tengda aðila á afgangssvæðum. Jafnframt annast hún athuganir


á flóknum fjármögnunarleiðum, misnotkun tvísköttunarsamninga, skattasniðgöngu og könnun á ráðgjöf og þjónustu á þeim vettvangi. Hún sér um eftirlit í málum, sem skattstjórar vísa til embættisins og aðstoðar skattstjóra við úrlausn einstakra mála eftir óskum þeirra.

Fyrirtækjaskrá fer með skráningu atvinnurekstrar og önnur mál sem snerta skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um atvinnustarfsemi til almennings og vegna skattkerfisins. Fyrirtækjaskrá sér um hlutafélagaskrá og aðrar hliðstæðar skrár, skráningu annarra félaga, einstaklinga með rekstur og annarra skráningar skyldra aðila svo og þeirra sem skráðir eru skv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Fyrirtækjaskrá sér um útgáfu kennitalna til þeirra sem veitt er formleg skráning og annarra sem ákveðið er að úthluta kennitölu.

Fyrirtækjaskrá varðveitir ársreikninga og sér um þjónustu vegna þeirra. Fyrirtækjaskrá greinist í hlutafélagaskrá sem sér um skráningu hlutafélaga skv. lögum um hlutafélög og önnur hliðstæð mál og skráningardeild sér um skráningu annarrar atvinnustarfsemi, stofnana og samtaka, skráningu ársreikninga, upplýsinga- og vottorðagjöf og aðra almenna þjónustu.

Rekstrarskrifstofa fer með fjármál og rekstrarmál embættisins, þ.m.t. húsnæðismál. Hún sér m.a. um fjárhagsmál, áætlanagerð á því sviði, bókhald og greiðslur og hefur eftirlit með að útgjaldaákvæðanir séu í samræmi við fjárheimildir. Hún sér um sameiginlega þjónustu fyrir embættið, afgreiðslu, símamál, móttöku og dreifingu skjala svo og skjalaskráningu, skjalavistun og bókasafnmál.

Rekstrarskrifstofa fer einnig með verkefni sem lúta að skilgreiningu mælikvarða til að meta árangur og skilvirkni skattkerfisins og einstakra



2004

stofnana og söfnun upplýsinga til að vinna þessa mælikvarða. Ennfremur gerð skattastaðtalna, vinnslu talnalegra upplýsinga um skattamál og miðlun þeirra til aðila sem eftir slíkum upplýsingum leita í rannsóknaskyni eða af öðru tilefni. Rekstrarskrifstofa skiptist í þjónustudeild sem sér um afgreiðslu embættisins, símsstöð, skjalaskráningu og skjalavistun og bókasafn og önnur verkefni, sem heyra beint undir skrifstofustjóra.

Starfsmannastjóri annast starfsmannamál. Hann vinnur að mótun og viðhaldi starfsmannastefnu, m.a. í jafnréttismálum. Hann sér um gerð starfsmannahandbókar og mótar endurmenntunarstefnu fyrir embættið í samvinnu við fræðslustjóra. Starfsmannastjóri sér um gerð og framkvæmd reglna um þátttöku starfsmanna í námskeiðum og annarri endurmenntun utan stofnunarinnar. Hann annast launamál starfsmanna (önnur en launaafgreiðslu), gerð árlegrar launaáætlunar og reglulega endurskoðun hennar, svo og starfaauglýsingar og ráðningar og hefur heildarumsjón með starfsmannaviðtölum.

Fræðslustjóri sér um fræðslumál fyrir skattkerfið, starfstengda fræðslu fyrir starfsmenn þess og hagnýta fræðslu um skattamál fyrir viðskiptavinum þess. Fræðslustjóri mótar fræðslustefnu fyrir embættið og skipuleggur framkvæmd hennar. Fræðslustjóri skipuleggur einnig námskeið fyrir utanaðkomandi aðila, sem leita eftir fræðslu um skattamál vegna starfa sinna eða af öðrum ástæðum.

Undir öryggisstjóra falla öryggismál embættisins og skattkerfisins og mál er varða vörslu rafrænna gagna, meðferð á öðrum gögnum, aðgang að húsnæði og öryggisreglur í samskiptum við öryggisþjónustuaðila, hugbúnaðarverktaka, hýsingaraðila o.fl. Öryggisstjóri fer með mál er varða varanlega varðveislu rafrænna skattgagna í skattkerfinu.

Í ársskýrslunni er byggt á þeirri skipan verkefna, sem nýtt skipulag hafði í för með sér og gera forsvarsmenn einstakra eininga grein fyrir þeim verkefnum, sem þeir báru ábyrgð á frá og með 1. júlí 2004.



# Rekstrarskrifstofa

Forstöðumaður: Ásgeir Heimir Guðmundsson  
Fjöldi starfsmanna í árslok: 13

## Inngangur

Árið 2004 markaðist af þeim skipulagsbreytingum sem urðu hjá embættinu á miðju ári 2004. Mannabreytingar urðu talsverðar sem og tilfærslur á verkefnum. Reglubundin verkefni rekstrarskrifstofu eftir breytingar eru: gerð rekstraráætlunar, bókhald, greiðslur, innkaup, rekstur húsnæðis, málaskráning, skjalavistun, tölfræðiverkefni og norrænt samstarfsverkefni um árangursmælingar. Einnig heyrir innra eftirlit undir rekstrarskrifstofu.

## Fjármál og rekstur

Heildarútgjöld á árinu til rekstrar embættisins og sameiginlegra útgjalda skattkerfisins, þ.m.t. til rekstrar tölvukerfa, voru 853,1 m.kr. að teknu tilliti til sértekna en árið á undan voru þau 815,6 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun meginstærða í rekstri embættisins undanfarin þrjú ár (á verðlagi hvers árs):

	2004	2003	2002
Rekstur embættis 1)	593,4	527,5	508,1
Tölvukerfi 2)	236,0	266,0	291,3
Vélbúnaður	23,7	22,1	26,0
<b>Heildar útgjöld</b>	<b>853,1</b>	<b>815,6</b>	<b>825,4</b>

- 1) Að frádregnum sértekjum.
- 2) Rekstur netkerfa og staðarnets er hér talinn til tölvukerfa en í bókhaldi frá og með árinu 2003 færast þau útgjöld á bókhaldslykil vélbúnaðar.

Árið 2004 var fyrsta heila ár fyrirtækjaskrár hjá embættinu. Með tilkomu hennar hafa tekjur embættisins vaxið töluvert, aðallega vegna sölu á aðgangi að fyrirtækjaskrá og hlutafélagaskrá, en einnig hefur embættið fengið tekjur af vottorðaútgáfu úr þeim skrá. Varðandi þá aðila sem gert hafa samning við ríkisskattstjóra var

ákveðið að hafa gjaldtökuna þá sömu milli ára, þ.e. að nota ekki heimild til þess að hækka verð skv. launavísitölu.

Neðangreint yfirlit sýnir þróun útgjalda til reksturs tölvukerfa sl. fjögur ár að teknu tilliti til lagfæringa á bókfærðum útgjöldum:

	2004	2003	2002	2001
Viðhald hugbúnaðar	82,6	89,6	93,1	85,8
Annar rekstur	153,5	166,2	148,3	160,4
Nýsmíði og endurbætur	54,9	19,0	65,0	56,2
<b>Alls</b>	<b>291,0</b>	<b>274,8</b>	<b>289,2</b>	<b>302,4</b>

Hugbúnaðarhluti rekstrar og stofnkostnaðar færður á fast verðlag með vísitölu hugbúnaðartaxta en annar kostnaður/annar rekstur með neysluvöruvísitölu.

Síðustu 5-6 ár hefur verið leitast við að ná fastari tókum á stjórn fjármála með góðum árangri. Á það jafnt við um áætlanagerð, bókhald og ýmsar aðgerðir til hagræðingar. Rekstraráætlun ríkisskattstjóra fyrir árið 2005 var send fjármálaráðuneytinu í desember 2004.

## Húsnæði og búnaður

Í kjölfar skipulagsbreytinganna sem áttu sér stað á miðju síðasta ári hjá embættinu var gerð úttekt á húsnæði RSK og húsnæðisþörf einstakra starfssviða. Þegar niðurstaða lá fyrir um niðurröðun einstakra sviða og deilda í húsnæðið var skipan starfsmanna í herbergi ákveðin. Flutningar starfsmanna áttu sér síðan stað dagana 8. - 14. október og var síðasti dagurinn jafnframt gerður að sérstökum tiltektardegi sem heppnaðist vel og stendur til að gera að árlegum atburði.

Eftir breytingarnar eru þjónustudeild rekstrarskrifstofu og fyrirtækjaskrá á 1. hæð, réttarsvið á 3. hæð, yfirstjórn, eftirlitssvið, hluti rekstr-



# 2004

arskrifstofu, fræðslustjóri og öryggisstjóri á 4. hæð. Á 5. hæð er síðan þjónustusvið, starfsmannastjóri og staðtölugerð rekstrarskrifstofu.

Af viðhaldi húsnæðisins bar það helst til tíðinda að skipt var um þak á húsnæðinu, enda var það farið að leka. Samhliða var klæðning hússins að utanverðu yfirfarin og löguð. Þá voru allir gluggar á norður- og austurhlíð húsnæðisins málaðir. Varmaskiptir fyrir bílastæði á baklóð var tekin í gagnið og sett í gang snjóbræðsla.

### Skjalamál og afgreiðsla

Litlar breytingar hafa verið á verkefnum milli ára hjá skjalastjórn og afgreiðslu RSK.

Mikið álag hefur verið hjá afgreiðslu við símsvörun og móttöku í afgreiðslu. Munar þar mest um afgreiðslu veflykla sem var mjög mikil á árinu 2004 ásamt auknu álagi við símsvörun og afgreiðslu skattkorta.

Lokið var við að pakka eldri gögnum sem búið var að skanna hjá fyrirtækjaskrá. Með flutningum innanhúss í kjölfar skipulagsbreytinga hjá RSK féll til töluvert magn af gögnum sem á eftir að ganga frá og pakka.

Taflan hér að neðan sýnir innskráð mál hjá ríkisskattstjóra á árunum 2004 og 2003 eftir málaflokkum :

Málaflokkur	Málafjöldi 2004	Málafjöldi 2003
Álagningarmál og úrskurðir	2.911	3.178
Framsending erindi	3.596	3.606
Álitsgerðir og umsagnir	2.075	1.794
Samræming og þróun skattkerfisins	11	9
Skatteftirlit RSK	88	93
Almennur rekstur	72	70
Erlend samskipti	54	72
Tæknimál	158	175
Laga- og reglugerðarvinna	9	7

Leiðbeininga- og eyðublaðavinna	16	17
Fræðslumál	4	2
Útgáfumál	7	4
Ársreikningar	24	37
Fyrirtækjaskrá	104	108
Önnur mál	252	794
<b>Samtals</b>	<b>9.381</b>	<b>9.966</b>

Fækkun hefur verið á skráðum málum frá því á síðasta ári eða um 5.87 %. Hefur fækkað mest í málaflokknum „Önnur mál“ eða um 68 %, sem skýrist að mestu af markvissari flokkun mála.

### Tölfræði

Haldið var áfram vinnu við uppbyggingu og viðhald gagnasafna embættisins. Hinn nýi hugbúnaður sem tekinn var í notkun árið 2003 hefur einfaldað alla vinnslu upplýsinga og opnað nýja möguleika við eftirlit og vinnslu talnaefnis til opinberrar birtingar á vef embættisins. Þar er nú að finna, á einum stað, aðgengilegt almenningi, mjög yfirgripsmikið safn upplýsinga um skattastofna og álagningu einstaklinga og lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda síðastliðin tíu ár.

Mikill og vaxandi áhugi hefur verið fyrir upplýsingum sem byggja á skráum í vörslu embættisins. Því hefur mikið verið lagt upp úr að halda áfram vinnu við að auka aðgengi almennings að skattaupplýsingum á netinu. Þrátt fyrir að sífellt sé reynt að mæta kröfum almennings fyrir upplýsingar með útgáfu á vef embættisins hefur umfang sérstakra vinnslu upplýsinga, að beiðni utanaðkomandi aðila, jafnframt aukist á undanförunum árum.

### Þróunarverkefni

Árangursmælingar í skattkerfum Norðurlanda  
Embættið hefur verið þátttakandi í sam-



starfsverkefni á vegum ríkisskattstjóraembætta Norðurlandanna frá því það hófst í byrjun árs 2003, en verkefnið snýst um að bera saman kennitölur í starfsemi skattkerfa landanna. Þróað hefur verið sameiginlegt skattkerfislíkan svo að hægt sé að bera saman sambærilegar upplýsingar á sambærilegan hátt.

Megin áhersla er lögð á tvo grunnþætti, þ.e. heildartímafjölda/ársverkafjölda í skattkerfinu og kostnað við rekstur þess. Þessum þáttum er skipt niður, annars vegar eftir ákveðnum verkþáttum og hins vegar eftir skatttegundum. Verkþættirnir eru álagning, skatteftirlit, innheimta, stoðverkefni og upplýsingatækni. Skatttegundum er skipt upp eftir: tekjuskatti, eignarskatti, tryggingagjaldi, erfðafjárskatti, virðisaukaskatti, vörugjöldum o.fl.

Einnig er áhersla lögð á samanburð á skatt-

tekjum sem aflað er í skattkerfinu og af hvaða skatttegundum þær eru myndaðar.

Pá eru í skýrslunni ýmsar aðrar samanburðarupplýsingar, s.s. um fjölda innsendra skattframtala og virðisaukaskattsskýrslna og skilamáta þeirra, fjölda skattskyldra aðila, aldursskiptingu starfsmanna og margt fleira.

Á árinu 2004 vann hver þjóð á grundvelli líkansins að upplýsingaöflun og vinnslu varðandi árið 2003 og liggur ítarleg skýrsla fyrir sem nýbúið er að kynna fyrir ríkisskattstjórum Norðurlandanna. Munu helstu niðurstöður hennar verða birtar fljótlega.

Ljóst er samt að þær niðurstöður sem þegar hafa litið dagsins ljós vegna fyrri ára hafa vakið mikla athygli hjá stjórnvöldum og skattyfirvöldum á hinum Norðurlöndunum, sem m.a. hafa leitt til mikilla skipulagsbreytinga í Danmörku.



Starfsmannastjóri: Ari Ísberg

Heildarfjöldi ársverka í dagvinnu að meðtöldu fólki í afleysingum og tímavinnu var á árinu 97,4 samanborið við 89,7 á árinu 2003. Aukningin er 8,6 %, eða 7,7 ársverk og skýrist að mestu vegna tilkomu fyrirtækjaskrár frá Hagstofu Íslands til embættisins, en 2004 var fyrsta heila ár fyrirtækjaskrár hjá embættinu.

Launakostnaður hækkaði úr 382,4 m.kr. á árinu 2003 í 440,9 m.kr. á síðasta ári, eða um 15,3%. Þar af skýrir heils árs launakostnaður hjá fyrirtækjaskrá um 6,5%, fyrirtækjaskrá var sameinuð embættinu 1. júlí 2003. Einnig telur fjölgun starfsmanna á eftirlitssviði um 3,3%. Launavísitala hækkaði um 5,3% á árinu þannig að raunkostnaður vegna hefðbundinnar starfsemi embættisins hefur hækkað um 0,2% af heild frá fyrra ári.

Starfsmannavelta embættisins síðasta ár var um 14% eða nokkuð hærra en árið 2003 þegar hún var 11%. Að teknu tilliti til þeirra starfsmanna sem hættu sökum aldurs eða veikinda var starfsmannaveltan 7% og 8,1% fyrir þessi sömu ár.

Mikið annríki var í starfsmannamálum embættisins á árinu sem orsakaðist aðallega af breytingum í starfsmannahaldi, upptöku nýs mannauðskerfis ríkisins, niðurlagningu skatteftirlits ríkisskattstjóra og umfangsmikilla skipulagsbreytinga hjá embættinu.

Sjö starfsmenn hættu á árinu vegna aldurs eða veikinda sem kallaði á nýráðningar og tilfærslur starfsmanna og verkefna innanhúss.

Tekið var í notkun nýtt launakerfi hjá embættinu sem er hluti nýs mannauðskerfis í Oracle E-Business Suite, sem stofnanir ríkisins hafa verið að taka í notkun. Þann 1. apríl var komið að embætti ríkisskattstjóra að hefja launavinnslu í kerfinu sem kallaði á mikla undirbúnings- og lærdómsvinnu.

Þann 1. júlí varð umfangsmikil skipulagsbreyting hjá embættinu sem hafði í för með sér breytingar á starfssviðum margra starfsmanna og kallaði á tilflutning þeirra innanhúss í október mánuði. Samfara þeim breytingum var starfsmannahald, í umsjón starfsmannastjóra, flutt beint undir ríkisskattstjóra sem sjálfstæð eining en hafði áður verið hluti verkefna rekstrardeildar stjórnunarskrifstofu. Þetta var m.a. gert í þeim tilgangi að auka áherslu á starfsmannamál og skýrar ákvörðunartökur varðandi þau.

Skatteftirlit ríkisskattstjóra, sem var sjálfstæð deild undir yfirstjórn, var lögð niður seinni hluta árs og verkefni hennar flutt til tveggja skattstofa á landsbyggðinni.

Í tengslum við stefnumótunarvinnu hjá embættinu var á árinu unnið að markmiðasetningu varðandi starfsmannamál embættisins sem felur í sér m.a. mótun heildstæðrar starfsmannastefnu og jafnréttisáætlunar.

Í desember fór fulltrúi frá embættinu á samnorrænan fund í Ósló sem haldinn var í þeim tilgangi að kanna hagkvæmni þess að komið yrði á fót samskiptaneti mannauðsmála milli skattýfirvalda Norðurlandanna.



# Skattafræðsla RSK

Hrefna Einarsdóttir fræðslustjóri

## Inngangur

Skattafræðslan hefur með höndum fræðslustarfsemi ríkisskattstjóra. Það felur í sér að hún skipuleggur námskeið fyrir þær stofnanir sem hafa með höndum skattaframkvæmd svo og fyrir aðrar stofnanir eða hópa sem óska eftir fræðslu á þessu sviði. Í starfinu felst að gera áætlanir um námskeið og yfirlit yfir fræðsluefni, gerð kennsluefnis og umsjón með kennslugögnum auk þess að semja við leiðbeinendur og stofnanir sem að fræðslunni koma. Önnur verkefni koma einnig til kasta skattafræðslu og má þar helst til nefna gerð verklagsreglna og leiðbeininga- og kynningarbæklinga. Þá er ritstjórn Tíundar, fréttablaðs ríkisskattstjóra, í höndum skattafræðslu.

Í lok síðasta árs var tekin í notkun ný kennslustofa þar sem staðsettar eru tólf tölvur. Það hefur sýnt sig að mikil þörf er fyrir þessa aðstöðu og hefur hún komið að góðum notum það sem af er. Þetta kemur til með að stuðla að hagnýtari fræðslu, bæði fyrir starfsfólk skattakerfisins og eins til kynningar á rafrænum skilum fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur og sækja námskeið til ríkisskattstjóra.

Í ársbyrjun komu í hlut skattafræðslu ýmis verkefni sem tilheyra árlegri gerð framtalsgagna. Má þar nefna endurskoðun á eyðublöðum og bæklingum og ritstjórn leiðbeininga með skattframtali einstaklinga. Þá fer einnig fram á vegum skattafræðslu kynningarstarfsemi af ýmsu tagi. Þá var einn liður í starfsemi skattafræðslu á síðasta ári að taka þátt í undirbúningsstarfi við gerð vefsíðu sem er sameiginlegt verkefni skattfyrivalda á Norðurlöndum.

Námskeiðahald á árinu 2004 var með hefð-

bundnum hætti, annars vegar voru reglubundin námskeið fyrir einstaklinga sem eru að hefja atvinnurekstur og hins vegar starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfyrivalda.

## Námskeið fyrir nýja í rekstri

Eins og á síðasta ári voru haldin námskeið um almenn skattskil, tekjuskráningu og reikningaútgáfu og virðisaukaskatt fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Þessum námskeiðum er skipt í þrjá hluta, en hver hluti stendur yfir í 4 kennslustundir. Námskeiðin voru sett upp á heimasíðu RSK og eru kynnt þar. Eftirspurn hefur verið mikil og var fullbókað á flest námskeið á árinu. Þá voru haldin námskeið fyrir nokkur fyrirtæki og stofnanir auk þess sem haldnir voru fræðslufundir fyrir faghópa.

## Starfsfræðslunámskeið

Árlega eru haldin starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfyrivalda og ræðst umfang þeirra nokkuð eftir því hversu miklar breytingar og nýjungar eru á döfinni. Að þessu sinni sóttu starfsfræðslunámskeiðin 200 starfsmenn.

Námsefnið sneri að venju að hinum ýmsu þáttum skattaframkvæmdar og voru haldin námskeið um yfirferð framtala í Hörpu, rafræn skil, skatteftirlit I og II, stofnun, sameiningu og slit félaga og reiknað endurgjald.

## Tíund

Tíund hélt áfram göngu sinni og komu út þrjú tölublöð, í apríl, ágúst og desember. Blaðið var með hefðbundnu sniði, greinar, viðtöl og almennur fróðleikur um skattamál.

# Öryggismál

2004



Öryggisstjóri: Guðni Ólafsson

Á árinu 2004 voru gerðar ýmsar breytingar á skipulagi embættis ríkisskattstjóra. M.a. var sett á laggirnar starf öryggisstjóra. Öryggisstjóri fer með öryggismál embættisins og skattkerfisins og mál er varða öryggi í meðhöndlun og vörslu gagna. Öryggismál snúa ekki eingöngu að öryggi rafrænna upplýsinga heldur einnig að umgengni um húsnæði, samskiptum við verk-taka og hýsingaraðila og að starfsmönnum. Á árinu 2004 var ákveðið að taka upp öryggis-staðalinn BS7799, um stjórnkerfi upplýsinga-öryggis, sem m.a. hefur verið tekinn upp í skatt-kerfum ýmissa nágrannaþjóða okkar. Staðallinn er ekki eingöngu tæknilegur heldur er um að ræða að innleiddar eru viðeigandi ráðstafanir

sem settar eru fram í formi stefnu, starfsvenja, verklagsreglna og skipulags, auk tæknilegra ráð-stafana. Vinna við innleiðingu á staðlinum hófst á haustmánuðum 2004. Er vinnunni skipt niður í nokkur þrep. Um áramótin síðustu lágu fyrir fyrstu drög að öryggisstefnu embættisins. Næstu skref við innleiðinguna eru síðan frávikagreining, þ.e. að meta hvernig embættið stendur gagnvart staðlinum og hugsanlega endurskoðun á stefnunni í framhaldi af því, þróun verklags-reglna og ráðstafana, m.a. ritun öryggishand-bókar fyrir starfsmenn og síðast en ekki síst formleg innleiðing sem m.a. felst í kynningum fyrir starfsmenn embættisins.



# Réttarsvið

Forstöðumaður: Sigurjón Högnason  
Fjöldi starfsmanna í árslok: 19

Við þær skipulagsbreytingar á embætti ríkisskattstjóra, sem gerðar voru á miðju ári 2004 og áður er lýst, tók réttarsvið við stórum hluta þeirra verkefna sem áður heyrðu undir skattaskrifstofu og virðisaukaskattsdeild gjaldaskrifstofu. Undir réttarsvið falla verkefni er lúta að túlkun, kynningu og beitingu réttarreglna skattaréttar og stjórnisýsluréttar, bæði efnisreglna og málsmeðferðarreglna. Sviðið skiptist í tvær deildir, lögfræðideild og úrskurðadeild. Undir lögfræðideildina falla verkefni er fyrst og fremst lúta að túlkun og almennri framsetningu á gildandi rétti. Undir úrskurðadeildina falla fyrst og fremst verkefni er lúta að heimfærslu málsatvika undir gildandi rétt við skattávarðanir í málum er beinast að einstökum gjaldendum. Verkefnum er lúta að alþjóðamálum var á árinu 2004 skipað utan deilda.

## Lögfræðideild

Guðrún Þorleifsdóttir gegndi starfi deildarstjóra lögfræðideildar.

Lögfræðideildin hafði eftirtalin verkefni með höndum:

Gaf skrifleg álit embættisins á því hvað teldist gildandi réttur við tiltekna aðstæður, í tilefni af framkomnum fyrirspurnum eða að eigin frumkvæði.

Ritaði almennar leiðbeiningar um gildandi rétt og verklagsreglur varðandi skattframkvæmd.

Fór með lögboðið hlutverk embættisins við gerð almennra matsreglna.

Kynnti skattstjórum úrskurði og dóma sem þýðingu hafa í störfum þeirra.

Ritaði kröfugerðir (umsagnir) af hálfu gjaldkrefjenda í kærumálum fyrir yfirskattanefnd.

Annaðist hlutverk embættisins við undirbúning og mótun réttarreglna.

Veitti umsagnir um framkomin lagafrumvörp

og reglugerðardrög, umsagnir vegna dómsmála og kvartana til umboðsmanns Alþingis, þegar eftir var leitað.

Hafði umsjón með afgreiðslu beiðna um bindandi álit, í samræmi við niðurstöður sérstaks starfshóps um þann málaflokk.

Ákvarðaði um veitingu aðgangs að upplýsingum í fórum skattfirvalda, þ.m.t. úr fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá.

## Úrskurðadeild

Anna Dóra Helgadóttir gegndi starfi deildarstjóra úrskurðadeildar.

Úrskurðadeildin hafði eftirtalin verkefni með höndum:

Fór með hlutverk embættisins við afgreiðslu skatterinda, þ.e. beitingu heimildar skv. 3. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003 og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 50/1988.

Endurákvæðaði í málum er embættinu bártur frá skattrannsóknarstjóra ríkisins og í eftirlitsmálum embættisins.

Úrskurðaði um kærur þeirra ákvarðana skattstjóra sem kærnanlegar eru til embættisins, svo sem vegna sérstakra endurgreiðslna virðisaukaskatts, varðandi skyldu sölustaða til að innheimta 24,5% vsk af tilreiddum mat og þjónustu, um fyrirframgreiðslu þinggjalda og vaxtabóta og um ákvörðun reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu.

Annaðist lögboðið hlutverk embættisins að því er varðar heimild til lækkunar tekjuskattstofns (ívilnanir).

Staðfesti kaupréttaráætlanir sbr. 8. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003.

Fór með hlutverk embættisins við veitingu heimilda til að víkja frá reglum um fyrningarhlutföll, sbr. 47. gr. laga nr. 90/2003.

Úrskurðaði um skilaskyldu staðgreiðslu skv. 19. gr. laga nr. 45/1987 og 11. gr. laga nr. 94/1996.

Úrskurðaði um ágreining vegna framkvæmdar reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Alþjóðamál utan deilda fólu í sér eftirtalin verkefni:

Ákvarðanir um skattalega heimilisfesti.

Ákvarðanir um takmarkaða skattskyldu, þ.m.t. afgreiðslu skatterinda þeirra sem báru hér takmarkaða skattskyldu.

Endurákvarðanir þar sem reyndi á ákvæði til að komast hjá tvísköttun skv. 5. mgr. 119. gr. tsk-laga eða tvísköttunarsamningi.

Umsjón með útgáfu vottorða á grundvelli tvísköttunarsamninga og vottorða um skattskyldu, tekjur, eignir og barnabætur, til nota gagnvart erlendum skattyfirvöldum.

Afgreiðslu erinda um yfirfærslu skatta á grundvelli norræns samstarfs.

Svörun fyrirspurna um alþjóðamál.

### **Breytingar á réttarreglum**

Á árinu 2004 urðu nokkrar breytingar á réttarreglum sem ríkisskattstjóri sýslar með. Helstu breytingar voru þessar:

Sett voru lög nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., er leysa af hólmi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Með hinum nýju lögum er RSK falið verkefni við álagningu gjalda og eftirlit með þeim.

Sett voru lög nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, er leystu af hólmi eldri lög um sama efni. Með hinum nýju lögum er skattstjórum falið að endurskoða ákvarðanir sýslumanna um erfðafjárskatt og eftir atvikum að endurákvarða skattinn. Slíkar endurákvarðanir eru kærarlegar til

yfirkattanefndar og kemur ríkisskattstjóri fram fyrir hönd gjaldkrefjenda í kærumálum. Með lögum nr. 15/2004 var við lögin aukið ákvæði til bráðabirgða varðandi lagaskil.

Lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, var breytt í tvígang. Breytingar skv. lögum nr. 77/2004 lúta að heimild sparisjóða til samsköttunar með dótturfélögum, skyldum lögreglu til að færa menn til skýrslugjafar hjá SRS og gildistöku ákvæða laga nr. 143/2003. Breytingar skv. lögum nr. 129/2004 lúta að afnámi eignarskatts, breytingum á almennu skatthlutfalli tekjuskatts, á frítekjumarki barna, fjárhæðum persónuafsláttar, sjómannaafsláttar og vaxtabóta, breytingu á tímaviðmiðun endurákvarðana í SRS-málum og birtingu álagningar skattaðila með afbrigðilegt reikningsár.

Með lögum nr. 123/2004 var lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, breytt að því er varðar fjárhæð gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Með lögum nr. 90/2004 var lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, breytt að því er varðar samsetningu gjaldsins og ráðstöfun þess.

Með lögum nr. 128/2004 var breytt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Umbúðir voru skilgreindar, lækkuð var fjárhæð gjalds á ökutæki og fjölgað var gjaldskyldum vöruflokkum.

Með lögum nr. 82/2004 var lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, breytt að því er varðar fjárhæð skilagjalds á umbúðir úr lituðu plasti.

Lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, var breytt í tvígang. Breytingar skv. lögum nr. 25/2004 fólu í sér samræmingu reglna varðandi innflutning og innlenda framleiðslu. Gjaldfjárhæðum var breytt með lögum nr. 118/2004.



Með lögum nr. 131/2004 var gjaldfjárhæðum breytt í lögum nr. 39/1088, um bifreiðagjald.

Með lögum nr. 127/2004 um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, var tímabundin undanþága frá þungaskatti af tilraunabílum framlengd út gildistíma laganna.

Með lögum nr. 28/2004 var lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, breytt að því er varðar mat og færslu fjármálagerninga.

Sett var reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta.

Sett var reglugerð nr. 1041/2004, um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2005.

Reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta, var breytt með reglugerðum nr. 559/2004 og nr. 642/2004. Breytt var fjárhæðum, hlutfalli skulda til viðmiðunar við ákvörðun bóta og laga-tilvísunum. Í ákvæði til bráðabirgða var kveðið á um ákvörðun bóta vegna vaxtagjalda ársins 2003.

Með reglugerð nr. 85/2004 var reglugerð nr. 63/1994, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga milli landa, breytt að því er varðar afmörkun þeirra sem geta fengið slíka skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts.

Með reglugerð nr. 69/2004 voru pósthús felld úr upptalningu greiðslustaða í reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti.

#### **Lagafrumvörp, reglugerðir og matsreglur**

RSK leggur fjármálaráðuneyti lið við að undirbúa og semja lagafrumvörp og reglugerðir. Umfangsmesta verkefni RSK af þessum toga á árinu 2004 var gerð tillagna að nýrri reglugerð um virðisaukaskatt af byggingastarfsemi og um sérstaka- og frjálsa skráningu á grunnskrá

virðisaukaskatts vegna byggingar og útleigu atvinnuhúsnæðis. RSK gerði tillögur til fjármálaráðherra lögum samkvæmt um skattmat vegna tekna manna, um skattmat vegna tekna í landbúnaði og um reiknað endurgjald manna. RSK gaf út mat sitt á bústofni til eignar og á frádrætti frá stofni til búnaðargjalds. Þá setti RSK reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts.

#### **Bindandi álit í skattamálum**

Á árinu bárust RSK sjö beiðnir um álit á grundvelli laga nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum. Gaf RSK álit sitt á þremur þeirra á árinu, en lauk ekki á árinu meðferð fjögurra beiðna sem bárust undir lok ársins.

#### **Lögfræðilegar álitsergerðir**

Ríkur þáttur í starfi RSK er túlkun réttarreglna og miðlun upplýsinga. Gjaldendur, þeir sem starfa í þeirra þágu svo og stjórnvöld, leita í ríkum mæli eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum RSK á réttarreglum. Munnlegum fyrirspurnum er jafnan svarað munnlega á grundvelli fyrirbyggjandi skriflegra gagna, en skriflegum fyrirspurnum er svarað skriflega. Þá ritar RSK öllum skattstjórum bréf er hafa að geyma túlkun réttarreglna eftir því sem tilefni gefast. Bréf sem fela í sér túlkun sem ekki hefur fyrir verið sett fram með sama hætti (ákvarðandi bréf) eru birt á upplýsingavef RSK og eru þar öllum aðgengileg. Við þá birtingu eru nöfn og önnur auðkenni fyrirspyrjenda afmáð úr bréfunum.

Á árinu lét RSK frá sér fara 114 skrifleg svör við fyrirspurnum um skattaleg álitaefni og eru þá ekki meðtalin áður nefnd bindandi álit. Af þeim 114 svörum voru 19 birt sem ákvarðandi



bréf. Í árslok voru í vinnslu eða biðu afgreiðslu 29 skriflegar fyrirspurnir.

Á árinu veitti RSK 32 skriflegar umsagnir til Alþingis, ráðuneyta, umboðsmanns Alþingis og ríkislögmans um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, reglugerðardrög, umfjöllunarefni umboðsmanns og kröfugerðir í dómsmálum.

Skattstjórum voru kynntar laga- og reglugerðarbreytingar, dómar og úrskurðir yfirskattanefndar.

Mikilvægur þáttur í samræmingu vsk-framkvæmdar eru fundir sem ríkisskattstjóri stendur fyrir á u.þ.b. 6 mánaða fresti. Fundina sitja starfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra. Þá sitja fundina fulltrúar fjármálaráðuneytis og annarra stjórnvalda eftir því sem umfjöllunarefni gefa tilefni til hverju sinni. Á árinu 2004 voru slíkir fundir haldnir í maí, með á sjöunda tug þátttakenda, og í nóvember, með á þriðja tug þátttakenda. Stóð hvor fundur í einn vinnudag og voru tekin fyrir þau málefni er hæst bar varðandi framkvæmd virðisaukaskatts.

### Leiðbeiningar

RSK sinnir viðamiklu leiðbeiningarstarfi gagnvart gjaldendum. Nánast allir starfsmenn embættisins koma að því starfi með einum eða öðrum hætti, í samræmi við verkaskiptingu milli eininga samkvæmt skipuriti embættisins. Þáttur réttarsviðs miðast fyrst og fremst við upplýsingar um réttarreglur og beitingu þeirra. Daglega svara starfsmenn embættisins í síma tugum eða hundruðum spurninga um réttarreglur og skattframkvæmd. Embættið heldur úti upplýsingavefnum rsk.is sem hefur að geyma margs konar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir almenning og fyrirtæki. Bæði er þar um að ræða efni sem

sérstaklega er sniðið fyrir vefinn og efni sem jafnframt er gefið út á prenti. Viðamesta viðbót sérsniðinna leiðbeininga á árinu 2004 eru leiðbeiningar um takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. og 6. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003. Árlega sendir RSK frá sér skriflegar orðsendingar til ákveðinna hópa gjaldenda. Slíkar orðsendingar voru 17 talsins á árinu 2004. Prentaðar leiðbeiningar í formi bæklinga voru þessar helstar á árinu 2004:

Skattskylda íþróttafélaga - leiðbeiningar.

Virðisaukaskattur - leiðbeiningar og dæmi.

Að starfa á Íslandi tímabundið - leiðbeiningar á þremur tungumálum um skattalegar skyldur og réttindi erlendis búsettra manna sem starfa tímabundið hér á landi.

Til minnis um ársskil á virðisaukaskatti.

Reglur um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2004 - settar af fjármálaráðherra að fengnum tillögum RSK.

Bifreiðaskrá 2004 - bifreiðahlunnindamat fjármálaráðherra ásamt dæmum og upplýsingum um verð bifreiða.

Skattframtal einstaklinga 2004 - leiðbeiningar og dæmi.

Landbúnaður 2004 - leiðbeiningar um útfyllingu landbúnaðarskýrslu.

Rekstrarskýrsla 2004 - leiðbeiningar og dæmi um útfyllingu skýrslu vegna einstaklingsrekstrar.

Skattframtal rekstraraðila 2004 - leiðbeiningar og dæmi.

Álögð gjöld 2004 - almennar upplýsingar um forsendur álagningar opinberra gjalda og ákvörðunar barna- og vaxtabóta.

Álagning opinberra gjalda og tryggingagjalds á lögaðila - almennar upplýsingar um álagningarforsendur.



### **Kröfugerðir í kærumálum fyrir yfirséttanefnd**

Meðal lögboðinna hlutverka RSK er að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda í ágreiningsmálum sem skotið er til yfirséttanefndar. RSK færir fram rökstuðning fyrir hönd gjaldkrefjenda og aflar nauðsynlegra gagna frá viðkomandi skattstjóra. Í upphafi árs lágu fyrir óafgreidd 38 slík mál. Á árinu bárust RSK frá yfirséttanefnd óskir um kröfugerðir í 388 málum. RSK gerði á árinu kröfur í 390 málum. 36 mál af umræddum toga voru óafgreidd í árslok.

### **Skattrannsóknamáli**

RSK endurákvarðar gjöld í kjölfar skattrannsóknna SRS eftir því sem niðurstöður rannsókna gefa tilefni til. Slíkar endurákvarðanir voru 82 talsins á árinu 2004, þar af voru nokkrar í mjög umfangsmiklum málum. Í árslok lágu 39 mál fyrir óafgreidd. Af þeim bárust 18 í síðasta mánuði ársins.

### **Skatterindi**

Ríkisskattstjóra er í lögum falin heimild til að breyta skattákvörðun skattstjóra telji hann ástæðu til. Að jafnaði kemur ekki til slíkra breytinga nema gjaldandi óski þess og færi fram gildar forsendur breytinga. Að því er varðar óskir um breytingar á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabil yfirstandandi eða nýliðsins árs hefur ríkisskattstjóri falið skattstjórum að taka afstöðu til erinda gjaldenda. Mikill meirihluti slíkra erinda berast skattstjórum á forminu „Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts” í kjölfar árs-samanburðar á virðisaukaskattsskilum annars vegar og bókhaldi og ársreikningi hins vegar. Verulegur hluti erinda er varða opinber gjöld

felast í ósk um að framtal, lagt fram að liðnum kærufresti, verði lagt til grundvallar álagningu í stað áætlunar. RSK hefur falið skattstjórum að afgreiða slík erindi. Á árinu 2004 bárust RSK 4778 skatterindi. RSK afgreiddi á árinu 1247 erindi, en framsendi skattstjórum 3596 til afgreiðslu. Í árslok lágu fyrir á réttarsviði 366 óafgreidd erindi.

### **Ívilnanir**

Úrskurðir skattstjóra um lækkun tekjuskattstofns og/eða eignarskattstofns (ívilnanir), á grundvelli 65. gr. og 2. mgr. 79. gr. laga nr. 90/2003, sæta kærur til RSK. Í upphafi árs 2004 voru óafgreidd kærur 21. Á árinu bárust 125 kærur. Fjöldi mála afgreiddra á árinu var 123. Óafgreiddar kærur í árslok voru því 23 talsins.

### **Kaupréttaráætlanir**

Staðfesting RSK, á áætlunum félaga um að veita starfsmönnum sínum kauprétt á hlutum eða hlutabréfum í félögunum, er forsenda skatta-legrar meðferðar, skv. 10. gr. laga nr. 90/2003, tekna starfsmanna vegna kaupréttarins. Á árinu 2004 var leitað staðfestingar RSK á fjórum slíkum kaupréttaráætlunum. Staðfesti RSK þrjár þeirra, en synjaði staðfestingar á þeirri fjórðu.

### **Alþjóðamáli**

Á árinu 2004 voru kveðnir upp 77 úrskurðir um skattalega heimilisfesti. Í árslok voru óafgreidd 6 mál af umræddum toga. Gefin voru út 708 vottorð, til nota gagnvart erlendum skattyfirvöldum, um skattskyldu hér á landi, skattskyldar tekjur og eignir hér á landi, skattlagningu og barnabætur hér á landi. Í árslok voru óafgreiddar 5 óskir um útgáfu slíkra vottorða.

# Þjónustusvið

2004

Forstöðumaður: Jón H. Steingrímsson  
Fjöldi starfsmanna í árslok: 33

Við skipulagsbreytingar á miðju árinu 2004 var stofnað nýtt svið er tók við verkefnum tækni-deildar, gjaldadeildar gjaldaskrifstofu, gagnavinnludeildar og álagningardeildar skattaskrifstofu og ýmsum þjónustutengdum verkefnum þessara tveggja skrifstofa öðrum en sem varða lagaleg efni. Auk þess tók sviðið við verkefnum frá fyrrum Stjórnunarskrifstofu, þ.e. útgáfu- og kynningarmálum, vefumsjón, samningagerð vegna tölvu- og hugbúnaðarmála og umsjón með skipulags- og stefnumótunarvinnu. Sviðið var í upphafi nefnt „framkvæmdarsvið“ en heitinu síðar breytt í „þjónustusvið“ sem þykir af ýmsum ástæðum og að fenginni reynslu betra.

Eins og vænta má við skipulagsbreytingar tók það nokkurn tíma að útfæra og fínstilla hið nýja skipulag sem og að flytja til starfsfólk innan húsnæðisins.

Hér verður gerð grein fyrir starfsemi út frá nýja skipulaginu og umfjöllun skipt eftir deildum auk almennrar umfjöllunar. Um hlutverk og verkefni einstakra deilda vísast til umfjöllunar í inn-gangi auk þess sem hér kemur fram.

## Almennt

Auk deildarstjóra heyrðu tiltekin málefni og starfsmenn beint undir forstöðumann. Í fyrsta lagi má nefna skipulags- og stefnumótunarmál, en sá málaflokkur hefur ekki verið felldur undir sérstaka deild eða starfsmenn. Í öðru lagi má nefna útgáfumál og starfsmann sem vinnur við grafíska hönnun og frágang til prentunar. Í þriðja lagi var fljótlega ákveðið að ráða ritara fyrir sviðið en það fékk engin slík stöðugildi í heimanmund.

## Stefnumótun og árangursstjórnun

Vinna við stefnumótun hófst formlega á árinu 2003 með sérstökum stefnumótunardegi sem

haldinn var í október það ár. Lykilstarfsmenn hjá embættinu voru kallaðir til fundar í Skíðaskál-anum í Hveradölum til umfjöllunar um helstu áherslu- og stefnumál embættisins til framtíðar. Fundarmönnum var skipt í nokkra vinnuhópa sem hver um sig fjallaði um ákveðinn málaflokk. Hóparnir héldu vinnunni áfram eftir fundinn og skiluðu skýrslu til stýrihóps fyrir áramót. Það efni var yfirfarið og samræmt og tekið saman í áfangaskýrslu um höfuðmarkmið og helstu áherslur í janúar 2004. Þessu næst var ákveðið að útfæra stefnuna nánar og byrja á einni tiltekinni skipulagseiningu. Gjaldaskrifstofa reið á vaðið og skilaði næstu áfangaskýrslu í maí-mánuði. Á fyrstu mánuðum ársins var samhliða unnið að gerð árangursstjórnunarsamnings milli embættisins og fjármálaráðuneytis og nýttist innri vinna embættisins vel við það verk. Samningurinn, sem er eins konar rammisamningur eða viljayfirlýsing um áherslur og verkefni á næstu árum, var svo undirritaður þann 26. maí sem og sambærilegir samningar við einstakar skattstofur. Á haustmánuðum tók við 3. áfangi stefnumótunarvinnunnar með þeim hætti að hverju og einu skipulagssviði undir nýju skipulagi embættisins (frá 1. júlí 2004) var gert að útfæra framkomin höfuðmarkmið með hliðsjón af verkefnum einingarinnar og var þá fyrrnefnd áfangaskýrsla Gjaldaskrifstofu notuð sem fyrirmynd. Markmið þessa áfanga var að skilgreina leiðir að settum markmiðum og mælikvarða árangurs og leggja þannig drög að starfsáætlun komandi árs og ára í samræmi við fyrrnefndan árangursstjórnunarsamning. Afurð þessarar vinnu var síðan til umfjöllunar á stefnumótunardegi ársins sem haldinn var þann 8. nóvember í Hótel Valhöll. Í framhaldi af stefnumótunardeginum var starfshópum gert að fullvinna tillögur í ljósi um-



ræðu fundarins. Stýrihópur sem skipaður er ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóra og forstöðumanni þjónustusviðs fjallaði síðan um tillögurnar og dró þær saman í „Stefnurit RSK 2005-2009“, sem var að mestu tilbúið í desember. Ritið hefur að geyma höfuðmarkmið fyrir starfsemi RSK og hvernig þau greinast í undirmarkmið, leiðir og áhersluverkefni á komandi árum.

### **Álagningardeild**

Deildarstjóri: **Jón Ásgeir Tryggvason**

Starfsmenn í árslok: 8

Við skipulagsbreytingar um mitt ár tók þessi deild við verkefnum samnefndrar deildar og gagnavinnsludeildar skattaskrifstofu og samþærilegum þjónustuverkefnum gjaldaskrifstofu. Fer deildin því með mál, önnur en réttarfarsleg, er varða álagningu skatta annarra en þeirra er falla undir bifreiðagjaldadeild. Þar með talin eru verkefni vegna fjármagnstekjuskatts, takmarkaðrar skattskyldu tekjuskatts, fyrirframgreiðsluskyldu tekjuskatts, vörugjalds, skilgjalds og úrvinnslugjald af spilliefnum. Í þessu felst undirbúningur álagningarferils, ákvörðun skilafresta, auglýsingar, forskráning álagningarupplýsinga, gerð og dreifing eyðublaða og leiðbeininga, gerð regluþrófana og þjónusta við skattstofur og gjaldendur vegna álagningarvinnu og framtalsgerðar. Álagningarferlinu lýkur síðan með skilum á álagningarartölum til Fjársýslu ríkisins og tilkynningu til gjaldenda.

**Framtalsfrestir.** Framtali einstaklinga átti að skila eigi síðar en 22. mars, hvort sem skilað var á pappír eða á netinu. Þeir einstaklingar sem skiluðu framtölum með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra, gátu þó sótt um aukinn skilafrest og gat framlengdur frestur lengstur

orðið til 2. apríl. Framtalsfrestur lögaðila var til 31. maí. Endurskoðendur og bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu síðan sótt um lengri framtalsfresti sem miðuðust við að framtölum væri skilað jafnt og þétt fram að lokafresti sem var til 14. maí vegna launamanna, 1. júní vegna einstaklinga í rekstri og 15. september vegna lögaðila. Frestsveiting miðast við rafræn skil á framtölum. Sett var upp á vefsetri ríkisskattstjóra slóð fyrir frestumsóknir þar sem fagframteljendur gátu skráð inn tölvupóstföng og auðkenni dulritunarlykla og náð í form til útfyllingar á frestsumsóknnum.

**Útsending framtala og leiðbeininga.** Framtölum rekstraraðila var vélþakkað í annað sinn og dreift í pósti síðari hluta janúarmánaðar. Líðlega 24.000 skattskyldir lögaðilar fengu sent rekstrarframtal RSK 1.04 ásamt skýringum (orðsendingu RSK 8.18), og fáein hundruð fengu að auki búnaðargjalds- og/eða iðnaðarmálagjaldsframtal. Rétt yfir 2.000 lögaðilar sem undanþegnar eru skattskyldu fengu sent launaframtal og annar eins hópur einstaklinga með rekstur. Dreifing framtala einstaklinga og skattaleiðbeininga fór að mestu fram dagana 3.-6. mars. Ekki voru send nein fylgiblöð önnur en sundurliðunarblöð og óárituð barnaframtöl til foreldra 13-15 ára barna. Alls voru póstsend 125.816 framtöl til 170.813 einstaklinga samanborið við 135.476 póstsend framtöl árið á undan (7% færri nú). Alls höfðu líðlega 55.293 framteljendur afþakkað við framtalsgerð 2003 að fá framtal 2004 sent í pósti. Þessum aðilum var hins vegar sendur veflykill í sérstöku bréfi og fengu alls 49.653 framteljendur sent slíkt bréf í stað framtals eða um 10% færri en ella vegna andláta og sambúðarslita. Eigi að síður fengu 40% fleiri en árið áður eingöngu sent veflyklabréf vegna mikillar



2004

fjölgunar á afþökkunum á milli áráanna 2002 og 2003. Að þessu sinni fékk hvort hjóna og sam-búðarfólks sinn lykil sem auðveldar umsýslu og notkun veflykla til framtíðar. Afþökkunum papp-írsframtals að ári fjölgaði við framtalsgerðina 2004 í 61.384 eða um 11%. Um 7.000 afþökk-uðu einnig að fá álagningarseðil og um 55.000 gáfu upp netfang til móttöku tilkynninga og annarra samskipta við skattyfirvöld.

Eins og undanfarin þrjú ár voru skipulagðar á landsvísu símavaktir utan dagvinnutíma vegna framtalsgerðar. Að þessu sinni stóðu þær yfir dagana 20. - 22. mars og 27. mars - 3. apríl. Vakta-álagi var dreift í hlutfalli við stærð skattstofa líkt og gert var fyrst á árinu 2003. Líkt og þá voru auglýst tvö þjónustunúmer, annað fyrir skatta-legalar spurningar sem skattstjórar önnuðust aðal-lega og hitt fyrir tæknilegar spurningar sem em-bætti ríkisskattstjóra sá eitt um. Þess ber að geta að þjónustunúmerin giltu aðeins utan dag-tíma en á dagvinnutíma tóku skattstofur og ríkis-skattstjóri við fyrirsprungnum hver í sínu númeri.

**Forskráning á framtöl einstaklinga.** Ríkis-skattstjóri hefur árlega aukið við forskráningu á framtöl einstaklinga. Auk þeirra upplýsinga sem áritaðar voru á árinu 2003 var eignarréttur vegna búseturéttar nú forskráður í fyrsta sinn sem og bílalán frá einni fjármögnunarleigu. Á framtal 2004 voru forskráðar tekjur að fjárhæð kr. 455 milljarðar. Það var um 87% af öllum framtöldum tekjum og skiptist fjárhæðin þannig, að laun voru 369 milljarðar, starfstengdar greiðslur 10 milljarðar, lífeyrir 57 milljarðar og aðrar tekjur 19 milljarðar. Aukning varð einnig á forskráningu eigna og skulda. Forskráðar voru fasteignir sem voru að fasteignamati 1.144 milljarðar og var það um 98% af öllum framtöldum fasteignum einstaklinga á persónuframtölum. Forskráðar

voru íbúðaskuldir að fjárhæð 340 milljarðar og var það um 75% af öllum framtöldum íbúða-skuldum. Þá voru forskráð 184 þúsund ökutækni hjá 119 þúsund eigendum að fjárhæð 62 mill-jarðar en það var um 58% af heildarverðmæti framtaldrá ökutækja.

**Fyrirframgreiðsla opinberra gjalda.** Í jan-úar voru sendir út seðlar vegna fyrirframgreiðslu opinberra gjalda utan staðgreiðslu. Annars vegar var um að ræða 50.950 seðla til einstak-linga vegna eignarskatts og iðnaðarmálagjalds og hins vegar 13.330 seðla til lögaðila vegna tekjuskatts, eignarskatts, iðnaðarmálagjalds og jöfnunargjalds alþjónustu.

**Takmörkuð skattskylda.** Á árinu var unnið að hönnun og smíði tölvukerfis til álagningar og innheimtu skatta sem falla undir takmarkaða skattskyldu skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. tekjuskatts-laga ásamt gerðar nauðsynlegra eyðublaða og leiðbeininga í því sambandi, þ.m.t. vegna um-sókna um undanþágu frá almennum stað-greiðsluskilum vegna takmarkaðrar skattskyldu. Jafnframt var unnið að úrvinnslu tölfraðilegra upplýsinga um takmarkaða skattskyldu og und-irbúið að fylgja málinu eftir og stuðla að bættum skilum allra viðkomandi aðila.

**Virðisaukaskattsskil og staðgreiðsluskil.** Á árinu hélt áfram þróun í átt til aukinna raf-rænna skila og þar með aukinnar þjónustu og hagræðis fyrir gjaldendur jafnt sem skattkerfið. Eftirfarandi yfirlit sýna þróun vefskila í virðisauka-skatti og staðgreiðslu en þau byrjuðu á vefnum í október 2001 annars vegar og febrúar 2002 hins vegar. Yfirlitin sýna að fjöldi virkra veflykla í virðisaukaskatti í hlutfalli við heildarfjölda aðila á VSK-skrá hefur aukist úr 6% á árinu 2002 í tæp 16% á árinu 2004. Samsvarandi tölur í stað-greiðsluskilum eru 7% á árinu 2002 og upp í lið-



### Rafræn skil virðisaukaskatts

	2001	2002	2003	2004	Hlutfall 2004
Virkir veflyklar	699	2.074	3.176	5.266	16%
Virk vsk.númer alls	34.821	34.550	33.990	33.874	
Rafrænar skýrslur	935	6.588	12.951	20.992	13%
Skýrslur alls	171.789	171.573	166.396	166.606	

### Rafræn skil staðgreiðslu

	2001	2002	2003	2004	Hlutfall 2004
Virkir veflyklar	-	2107	3880	6181	20%
Launagreiðendur alls	30.194	30.047	30.693	30.664	
Rafrænar skilagreinar	-	n.a.	36.886	58.123	19%
Skilagreinar alls	-	300.000	307.682	307.907	
Rafrænar sundurliðanir	2.711.515	2.766.437	2.831.780	3.103.911	85%
Sundurliðanir alls	3.627.295	3.576.618	3.494.907	3.664.680	

lega 20% á árinu 2004. Hlutfall rafrænna skilagreina í virðisaukaskatti og staðgreiðslu af heildarfjölda skilagreina er aðeins lægra. Hins vegar er mun hærra hlutfalli staðgreiðslusundurliðana skilað rafrænt eða 85% en þeim hefur um árabíl verið unnt að skila í tölvupósti auk vefskila frá árinu 2002.

Í samræmi við aukin rafræn skil hefur fækkað útsendingum á árituðum vsk.-skýrslum úr 152.931 á árinu 2003 í 140.151 á árinu 2004 eða um líðlega 8% og staðgreiðsluskýrslum úr 259.057 á árinu 2003 í 241.441 á árinu 2004 sem er um 7% fækkun.

**Átak til aukinna rafrænna skila.** Í marsmánuði var settur á stofn sérstakur vinnuhópur um að gera átak til aukinna rafrænna skila í virðisaukaskatti og staðgreiðslu og hagræðingu við gerð og dreifingu eyðublaða við þau skil. Meðal helstu verkefna sem unnin voru undir merkjum hópsins voru eftirfarandi:

**Einrit skýrslna.** Undirbúningur að því að breyta greiðsluskýrslum virðisaukaskatts og

staðgreiðslu í einrit (í stað kalkkerandi eyðublaða) en sú breyting gerir það kleift að senda gjaldendum skýrslur fyrir mörg tímabil í einu. Þessu verkefni var ekki lokið á árinu.

*Hvatar til rafrænna skila.* Safnað var saman hugmyndum og tillögum að því hvernig auka megi hvata til rafrænna skila. Úrvinnslu þeirra var ekki lokið á árinu.

*Aukin kynning og leiðsögn.* Ýmislegt var gert til þess að kynna betur möguleika og hagræði af rafrænum skilum s.s.:

- Sendar voru orðsendingar um rafræn skil, bæði vegna virðisaukaskatts og staðgreiðslu og umfjöllun í almennum leiðbeiningum um virðisaukaskatt.
- Bréf voru send á vormánuðum til skattstjóra, endurskoðenda og bókara til að kynna átakið og hvetja til þátttöku og samvinnu.
- Í nóvember var byrjað að prenta kynningar-texta á umslögin sem notuð eru til útsendinga á greiðsluskýrslum virðisaukaskatts og staðgreiðslu og virðist þessi aðgerð hafa



haft mest áhrif til aukningar síðan.

- Embættið tók þátt í samsýningunni „Rekstur 2004“ til að kynna rafræn skil en hún fór fram í nóvember og er hugsuð sem kynningarvettvangur fyrir stjórnendur íslenskra fyrirtækja.
- Ákveðið var að reyna þá aðferð að senda áskorunarbréf um rafræn skil á afmarkaðan hóp og fylgja því síðan eftir með símhringinum til frekari áminningar og til að bjóða fram leiðsögn. Fyrsta bréf af þessu tagi var sent út í lok nóvember og var markhópurinn virðisaukaskattsskyldir opinberir aðilar. Einnig hefur verið beitt þeirri aðferð að hringja beint í ákveðna aðila og hvetja til rafrænna skila.

*Rafrænar umsóknir.* Stefnt er að því að unnt verði að skila tilkynningum um skráningu á virðisaukaskattskrá og launagreiðendaskrá með rafrænum hætti. Slík leið hefur verið í undirbúningi í Félaga, nýju tölvukerfi fyrirtækjaskrár, í tengslum við tilkynningar/umsóknir til hennar.

**Staðgreiðsluerindi.** Eins og undanfarin ár barst ríkisskattstjóra mikill fjöldi staðgreiðsluerinda á árinu 2004. Leiðréttingum á staðgreiðslu launamanna má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða afgreiðslu beiðna um leiðréttingar á afdreginni staðgreiðslu hjá námsmönnum og voru 133 erindi af þessu tagi móttekin á árinu, 119 afgreidd og óafgreidd erindi í árslok 14 talsins. Í öðru lagi eru leiðréttingar á afdreginni staðgreiðslu þar sem launagreiðandi hefur dregið staðgreiðsluna af launamanninum en síðan ekki staðið skil á henni í ríkissjóð. Alls bárust 1.227 erindi af þessum toga á árinu, fjöldi afgreiddra erinda var 1.210 og í árslok voru óafgreidd 54. Í þriðja lagi þarf að afgreiða leiðréttingar á skilgreinum launagreiðenda innan uppgjörstímabilsins og/eða staðgreiðsluársins. Talmningar á þessum leiðréttingum liggja ekki fyrir.

Það bar til tíðinda við staðgreiðsluframkvæmdina að kennaraverkfall í grunnskólum brast á í september. Fyrir lá úrskurður frá fyrrum árum um að verkfallsbætur væru staðgreiðsluskyldar og barst embættinu beiðni frá Vinnudeilusjóði KÍ um heimild til að nýta persónuafslátt hjá Vinnudeilusjóðnum, án útgáfu auka-skattkorta fyrir 4.-5.000 kennara. Orðið var við þessari beiðni að ákveðnum skilmálum uppfylltum og þannig brotið blað í sögu staðgreiðsluframkvæmdar og útgáfu skattkorta.

**Fjármagnstekjuskattur.** Í janúar voru áritaðir og sendir út giróseðlar til 19.360 aðila sem skyldugir eru til að draga staðgreiðslu af vöxtum og arði og skila í ríkissjóð. Skylda til að draga staðgreiðslu af arði hvílir á öllum einkahlutfélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila. Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum hvílir m.a. á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum og verðbréfamiðlurum. Haldin er sérstök skrá yfir aðila sem undanþegnir eru fjármagnstekjuskatti.

Þá þurfa ýmis félög, sjóðir og stofnanir sem hvorki er gert að greiða tekjuskatt né eignarskatt að greiða fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði hlutabréfa. Hér er um að ræða fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, stjórnmalaflokka, líknarfélög og önnur félög, stofnanir og sjóði sem ekki stunda atvinnu og aðila sem undanþegnir eru almennri skattlagningu samkvæmt sérlögum. Hafi félag eða stofnun ekki aðrar fjármagnstekjur en arð eða vaxtatekjur sem réttilega ákvörðuð staðgreiðsla var tekin af þarf félagið ekki að skila framtali vegna þessa. Framtöl þessi voru ekki send eða þeim dreift til þeirra sem kynnu að vera skilaskyldir en 83 aðilar skiluðu inn framtali.

# 2004

## Álagning opinberra gjalda, virðisauka- skatts, vörugjalds og skilagjalds

Hér á eftir getur að líta helstu álagningartölur þeirra skatta og gjalda sem deildin hefur umsjón með:

### Álagning virðisaukaskatts

	2004	2003	Breyting
Velta:	m.kr.	m.kr.	%
Velta til 14,0% skatts	222.338	199.689	11,3
Velta til 24,5% skatts	901.456	777.300	16,0
Skattskyld velta, áætluð	25.950	28.110	- 7,7
Undanþegin velta	459.363	391.559	17,3
Heildarvelta	1.609.107	1.396.658	15,2

### Virðisaukaskattur:

Innskattur	211.729	181.981	16,3
Útskattur (án áætlana)	251.984	218.395	15,4
Útskattur áætlauður	6.282	6.795	- 7,5
Álag	930	967	- 3,8
VSK af innlendum viðskiptum	47.467	44.176	7,4
VSK vegna innflutnings	60.410	51.134	18,1
Álagður virðisaukaskattur			
<b>Alls</b>	<b>107.877</b>	<b>95.310</b>	<b>13,2</b>

### Endurgreiðslur:

Vegna íbúðarhúsnæðis	1.951	1.589	22,8
Til opinberra aðila	2.356	2.344	0,5
Til orkuveitna	243	222	9,5
Til veitingastaða	923	834	10,7
Til manna búsettra erlendis	277	251	10,4
Til erlendra fyrirtækja	67	93	- 28,0
VSK að frádregnum endurgreiðslum	102.060	89.977	13,4

Vörugjald	2004	2003	Breyting
Álagning innanlands	724	697	4%
Álagning í tolli	2.653	2.336	14%
<b>Alls</b>	<b>3.377</b>	<b>3.033</b>	<b>11%</b>
Fjöldi á grunnskrá innanlands	130	125	4%

Skilagjald	2004	2003	Breyting
Álagning innanlands	573	482	19%
Álagning í tolli	176	176	-
<b>Alls</b>	<b>749</b>	<b>658</b>	<b>14%</b>
Fjöldi á grunnskrá	10	9	10%

### Úrvinnslugjald af

spilliefnum innanlands	14,3	n.a.	
------------------------	------	------	--

### Álagning opinberra gjalda á lögaðila

	2004	2003	Breyting
	m.kr.	m.kr.	
Tekjuskattur	13.622	13.844	-1,6%
Fjármagnstekjuskattur	1.201	1.173	2,4%
Eignarskattur	1.362	1.247	9,2%
Iðnaðarmálagjald	255	231	10,0%
Búnaðargjald	111	187	-40,6%
Jöfnunargjald alþjónustu	27	29	-6,9%
Tryggingagjald	26.318	22.096	19,1%
<b>Samtals</b>	<b>42.896</b>	<b>38.807</b>	<b>10,5%</b>

### Álagning opinberra gjalda á einstaklinga

Almennur tekjuskattur	57.371	54.394	5,5%
Sérstakur tekjuskattur	1.317	1.731	-23,9%
Fjármagnstekjuskattur	6.307	4.492	40,4%
Útsvar til sveitarfélaga	61.883	59.020	4,9%
Eignarskattur	2.123	1.782	19,1%
Tryggingagjald	1.355	1.368	-1,0%
Gjald í framkvæmdasjóð			
aldraðra	877	842	4,1%
Búnaðargjald o.fl.	345	438	-21,2%
<b>Samtals</b>	<b>131.578</b>	<b>124.068</b>	<b>6,1%</b>

### Bætur

Barnabætur	5.043	4.912	2,7%
Vaxtabætur	5.096	5.291	-3,7%



2004

**Bifreiðagjaldadeild**Deildarstjóri: **Ása Ögmundsdóttir**

Starfsmenn í árslok: 8

Deildin var í fyrra skipulagi hluti af gjalda-skrifstofu, þá undir nafninu gjaldadeild. Hún fer með mál er varða álagningu þungaskatts, bifreiðagjalds, úrvinnslugjalds og áfengisgjalds. Á árinu veitti hún jafnframt fjármálaráðuneyti liðsinni við undirbúning að upptöku olúgjalds.

**Pungaskattur.** Af ökutækjum sem nota annað eldsneyti en bensín skal greiddur þungaskattur. Bifreiðagjaldadeild annast álagningu skattsins, sinnir upplýsingagjöf þar að lútandi, úrskurðar í kærumálum og hefur eftirlitshlutverki að gegna. Þá ákvarðar deildin sektir vegna formbrota sem ekki hafa leitt til vantalins aksturs. Þungaskattur ákvarðast á tvenns konar grund-

velli. Annars vegar er fast gjald ákvarðað fyrirfram fyrir hálf t. ári í senn. Hins vegar er gjald fyrir hvern ekinn kílómetra ákvarðað eftirá fyrir þriðjung árs í senn. Auk vélrænna reglubundinna álagninga er gjald ákvarðað í daglegum vinnslum vegna breyttra forsendna. Fast gjald var lagt á vegna um 17.100 ökutækja á árinu 2004, samanborið við um 16.100 ökutæki á árinu 2003. Kílómetragjald var lagt á vegna um 13.100 ökutækja á árinu 2004, samanborið við um 12.300 ökutæki á árinu 2003.

Hér á síðunni er yfirlit yfir álagðan þungaskatt á árinu 2004 og samanburður við álagningu ársins 2003. Miðað er við stöðu að lokinni kærumeðferð.

Áætlanir kílómetragjalds voru alls 3.833 talsins á árinu 2004 samanborið við 3.306 á árinu 2003. Í kærumeðferð voru með vélrænum hætti felldar niður 2.386 áætlanir og skattur í stað þeirra ákvarðaður á grundvelli síðbúins álestrar af ökumælum.

Eftir álagningu voru á árinu 2004 tekin fyrir 2.947 mál, þ.e. kærur, skatterindi og leiðréttingar en sambærileg mál á árinu 2003 voru 2.496. Umsagnir til yfirséðanefndar voru 6.

Á árinu 2004 kvað deildin upp 495 sektarúrskurði vegna formbrota og námu ákvarðaðar sektir tæplega 5,5 m.kr. samanborið við 3,9 m.kr. vegna 313 sektarúrskurða.

Gjaldendum voru á árinu líkt og árið á undan sendar 4 almennar orðsendingar varðandi þungaskatt.

**Bifreiðagjald.** Bifreiðagjald var lagt á vegna um 150.000 bifreiða á árinu 2004, samanborið við um 148.000 bifreiðir á árinu 2003. Gjaldið var lagt á vélrænt tvisvar sinnum á árinu vegna hálf t. árs í senn. Auk þeirra álagninga var gjald ákvarðað í daglegum vinnslum vegna breyttra

	2004	2003	Breyting
	m.kr.	m.kr.	%
<b>Pungaskattur:</b>			
<b>Fast gjald;</b>			
álagning	2.875	2.497	15,1
skattbreytingar	-148	-113	30,9
Staða eftir skattbr.	2.727	2.384	14,3
<b>Kílómetragjald;</b>			
álagning skv. álestri	3.079	2.667	15,4
áætlað gjald	936	817	14,6
Samtals álagt gjald	4.015	3.484	15,2
skattbreytingar	-1.041	-748	39,2
álag á ál. og áætl.	54	40	35,0
breytingar álags	-38	-24	58,3
Staða eftir skattbreytingar	2.990	2.752	8,6
<b>Samtals þungaskattur</b>	<b>5.717</b>	<b>5.136</b>	<b>11,3</b>



forsendna. Álagning á árunum 2003-2004 var sem hér segir eftir skattbreytingar:

Bifreiðagjald;	2004	2003	
	m.kr.	m.kr.	%
staða eftir skattbr.	3.187	3.008	5,9

Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra skráðra bifreiða. Ekki kom þó til álagningar alls þess gjalds þar sem bifreiðir bótaþega og björgunarsveita svo og bifreiðir 25 ára og eldri eru undanþegnar gjaldi (niðurfellt gjald). Vegna hvors gjaldtímabils kom þannig ekki til álagningar gjalds vegna um 20.000 bifreiða og vó þáttur bifreiða bótaþega þar langþingst (alls 229 m.kr. á árinu 2004).

Eftir álagningu voru á árinu 2004 tekin fyrir 2.736 mál, kærur, skatterindi og leiðréttingar. Þingst vógu mál bótaþega sem voru 1.913 talsins.

**Úrvinnslugjald á ökutæki.** Úrvinnslugjald á ökutæki var lagt á alls um 158.000 ökutæki á árinu 2004. Gjaldið var lagt á vélrænt tvisvar sinnum á árinu vegna hálfes árs í senn. Auk þeirra álagninga var gjald ákvarðað í daglegum vinnslum á nýskráðar bifreiðir og fellt niður af afskráðum bifreiðum hlutfallslega eftir skráningartíma. Álagning á árunum 2003-2004 var sem hér segir eftir skattbreytingar:

Úrvinnslugjald;	2004	2003	%
staða eftir skattbr.	164.515.000	148.483.000	10,8

Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra bifreiða, skráðum hér á landi síðustu 15 ár. Engar undanþágur eru líkt og í bifreiðagjaldi en

þó var úrvinnslugjald ekki lagt á bifreiðir í eigu bótaþega og bifreiðir þar sem skráningarnúmer lágu inni þann 1. 1.2003 (um 10 m kr.) en síðan var úrvinnslugjald lagt á þessa bíla í álagningu þann 1.7.2003. Örfá mál/kærur komu til kasta ríkisskattstjóra á árinu 2003 eða innan við 10 mál og þá helst vegna þess að úrvinnslugjald var ekki lagt á bifreiðir í eigu bótaþega eða skráningarnúmer lágu inni á fyrri hluta árs 2003, en álagning úrvinnslugjalds er forsenda þess að eigandi bifreiðar eigi rétt á skilagjaldi við förgun.

**Áfengisgjald.** Bifreiðagjaldadeild annast álagningu áfengisgjalds af innlendra framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda sem voru fimm á árinu 2004. Skattstjórnarnir á Vesturlandi og Norðurlandi eystra önnuðust eftirlitið, hvor í sínu umdæmi, í umboði ríkisskattstjóra.

Hér á eftir fer yfirlit yfir álagt áfengisgjald af innlendra framleiðslu á árinu 2004 og samanburður við árið 2003. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna:

Gjald af;	2004	2003	Hækkun
	m. kr.	m. kr.	%
bjór	1.693	1.506	12,4
öðru áfengi	194	202	-8,0
<b>samtals</b>	<b>1.887</b>	<b>1.708</b>	<b>10,5</b>

Áfengisgjald ákvarðað við innflutning á árinu 2004 nam 4.878 milljónum króna, samanborið við 4.718 milljónir króna á árinu 2003. Samtals nam áfengisgjald af innlendra framleiðslu og innfluttu áfengi kr. 6.765 milljónum króna, sem er um 5 % hækkun frá 6.426 milljónum króna á árinu 2003.



2004

## Upplýsingatæknideild

Deildarstjóri: **Bragi L. Hauksson**

Starfsmenn í árslok: 9

Deildin hét áður hugbúnaðarsvið en við skipulagsbreytingu um mitt ár færðust til hennar verkefni vefumsjónar og samningagerð við hugbúnaðarhús. Auk sex starfsmanna hugbúnaðarsviðs fluttust til deildarinnar tveir starfsmenn stjórnunarskrifstofu og einn frá gjaldaskrifstofu.

**Framtalsundirbúningur.** Í upphafi árs voru að venju miklar annir við að undirbúa aukna áritun upplýsinga á skattframtöl. Nú er svo komið að ef upplýsingar fengjust frá bönkum til áritunar á skattframtöl myndi stór hluti framteljenda ekki þurfa að gera neinar breytingar á framtali sínu en þannig háttar t.d. á öllum hinum Norðurlöndunum. Þar sem ljóst er að hér er um eitt stærsta hagsmunamálið varðandi aukna þjónustu við framteljendur er unnið markvisst að því að gera áritun fjárhagsupplýsinga úr bönkum mögulega. Áfangi á þeirri leið en þó alls ekki lokatakmark er að bjóða viðskiptavinum banka upp á flutning gagna úr vefbönkum með upp lýstu samþykki.

**Rafræn skil framtala.** Kröfulýsing vegna rafrænna skila fyrir hugbúnaðarhús var að vanda útbúin í ársbyrjun og setur traustan ramma utan um rafræn skil framtala. Í árslok var síðan hafist handa við að útbúa lýsingu á XML-formi vegna skila 2005 í tengslum við áætluð breytt samskipti við rafræn skil atvinnuframteljenda 2005.

Netframtal einstaklinga 2004 var opnað 2. mars. Nýmæli þetta ár voru m.a. að í fyrsta sinn var boðið upp á skil landbúnaðarskýrslu með einstaklingsframtali. Þá var í fyrsta sinn boðið upp á netframtal lögaðila á vef RSK og kemur það í stað framtalsforrits lögaðila sem RSK hefur

afhent endurgjaldslaust á geisladiski eða vef RSK. Um það bil 95% af framtölum lögaðila var skilað rafrænt, þar af var 90% skilað með framtalsforriti frá DK hugbúnaði en um 10% á vef RSK. Um það bil 86% framtala einstaklinga var skilað rafrænt, þar af þriðjungi með framtalsforriti frá DK hugbúnaði, en tveimur þriðju á vef RSK.

**Þjónustusíður.** Þjónustusíður ríkisskattstjóra vaxa sífellt og dafna og eru nú opnar árið um kring. Nú geta menn til viðbótar fyrri þjónustu afþakkað öll samskipti á pappír, búið til varanlega veflykla og gefið upp bankareikning fyrir endurgreiðslur ef svo ber undir. Á komandi árum er stefnt að því að bjóða upp á enn víðtækari þjónustu í samvinnu við aðrar ríkisstofnanir, þar sem aðgangskerfi ríkisskattstjóra er nýtt.

**Aðgangsstýring.** Rafræn skil á vef ríkisskattstjóra hafa frá upphafi byggt á veflyklum til aðgangs sem sannað hafa gildi sitt, þótt til framtíðar megi reikna með að meira verði byggt á rafrænum skilríkjum. Þetta árið var ákveðið að hver einstaklingur fengi sinn veflykil. Hjón fengu því hvort sinn veflykilinn, en fyrst um sinn dugir hvor þeirra sem er til skila á framtali. Stýring á aðgangi að eldri gögnum verður mun auðveldari við þessa breytingu.

Endurskoðendum, bókurum og starfsfólki skattstofa bauðst að fá rafræn skilríki til reynslu úr tilraunaverkefni um rafræn skilríki á vegum fjármálaráðuneytis og nokkurra stofnana. Allnokkur hópur nýtti sér þetta, en stefnt er að því að þessi skilríki leysi svokölluð PGP skilríki af hólmi í samskiptum við endurskoðendur og bókarar.

**Upplýsingavefir, rsk.is og innri vefur.** Upplýsingavefur RSK er lifandi og eflist með hverju árinu. Notkun eykst stöðugt eins og sjá má á



„Virki vefmælingu”, sem ríkisskattstjóri hefur verið aðili að síðan í byrjun árs 2001. Árið 2004 voru heimsóknir á vefinn ríflega ein milljón sem er 23% aukning frá fyrra ári og 133% aukning frá árinu 2001 þegar mælingar hófust.

#### Innlit (heimsóknir) á rsk.is

	2004	2003	2002	2001
Meðaltal á mánuði	84.581	68.604	49.549	36.374
Flestar í mánuði	292.900	233.228	185.679	139.188
Fæstar í mánuði	52.761	38.446	25.035	17.948

**Alls á árinu**      **1.014.968**   **823.245**   **594.588**   **436.484**

Stærsti einstaki dagurinn var 21. mars sem var síðasti skiladagur netframtals, en næstflestar voru heimsóknir 28. júlí þegar álagningarseðillinn var birtur á þjónustusíðunni.

Ný reiknivél var sett upp á árinu, fyrir meðal-kaupverð hlutabréfa sem einfaldar verulega flókna útreikninga söluhagnaðar af hlutabréfum þegar fólk hefur keypt þau í mörgum skömmtum á löngu tímabili. Aðgengi almennings að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá og virðisaukaskattsskrá var bætt verulega, og er það fallið til að tryggja betur hagsmuni fólks í viðskiptum.

Á haustmánuðum var ráðgjafafyrirtækið Sjá ehf. fengið til að framkvæma aðgangsrátt á rsk.is með það að markmiði að auka og bæta aðgengi að vefnum fyrir fólk með mismunandi fötlun. Í kjölfar úttektarinnar, var ákveðið að gera við tækifæri viðeigandi breytingar á vefnum til þess að fá vottun um aðgengi frá Sjá ehf. og Öryrkjabandalaginu.

Í október var opnaður skólavefur RSK sem er ætlaður nemendum í efstu bekkjum grunnskóla,

en þar er að finna ýmsan fróðleik um skattamál sem og hagnýt verkefni. Einnig er boðið upp á gagnvirkt æfingasvæði af netframtalinu, þ.e. hægt er að fylla út netframtalið, framkvæma villu-próf o.þ.h. Innra vef var haldið við á árinu án mikilla breytinga.

**Gagnamóttökukerfi.** Í lok ársins var unnið að smíði nýs gagnamóttökukerfis, sem í upphafi tekur á móti gögnum sem vistuð hafa verið í launamiðakerfi. Þarna er kominn grunnur að gagnamóttökukerfi sem þróað verður áfram á næstu árum.

**Harpa.** Framtalavinnslukerfið Harpa hefur sannað sig og er þægilegt og öflugt tæki til vinnslu framtala. Regluþrófun var þróuð áfram á árinu, m.a. var einfölduð vinna með framtöl sem aðeins „falla” á því að framteljandi hefur skrifað athugasemdir á framtalið. Hægt er að skoða með auðveldum hætti lista slíkra framtala og taka aðeins til meðhöndlunar þau sem eru með athugasemdum sem hafa áhrif á niðurstöðu. Hlutfall rafrænna framtala sem afgreidd voru sjálfvirkt af kerfinu hækkaði um tæplega 4% frá fyrra ári og fór í liðlega 53% (um 82.800 framtöl). Áætlanir lögaðila voru á árinu færðar úr móðurtölvuumhverfi yfir í Hörpu. Þá var umsýsla grunnskraá bætt og grunnskrá barna bætt við. Auk þessa var fjöldi smærri lagfæringa og snyrtinga gerður á árinu.

**Skeytaskil virðisaukaskatts.** Rafræn skil á virðisaukaskatti í vefbanka Íslandsbanka hófust í september 2004. Þarna er byggt á samningum sem Íslandsbanki hefur gert við viðskiptavinum sína um notkun vefbanka og veflykla og því að samskipti milli Íslandsbanka og ríkisskattstjóra eru rafrænt undirrituð. Því þurfa viðskiptavinir Íslandsbanka engu að skila á pappír til þess að hefja þessi skil (hvorki undirrituðum skilmálum



2004

né öðru). Frá opnun þessara skila hafa um 10% nýliða í rafrænum skilum komið þessa leið. Í ljósi þess hve þetta hefur heppnast vel er gert ráð fyrir að aðrir bankar fylgi í kjölfarið. Þá verður framleiðendum bókhaldskerfa boðið upp á samþærileg skil úr sínum kerfum.

**Fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá.** Smíði nýs kerfis fyrir fyrirtækjaskrá sem hófst á árinu 2003 tók lengri tíma en upphaflega var áætlað en var á lokastigi í árslok. Leitað var tilboða í nýtt kerfi fyrir ársreikningaskrá. Gengið var frá samningum við VKS í september 2004 og reiknað með verklokum í mars 2005.

**Verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu.** Forsætisráðuneytið stofnaði á árinu verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu, m.a. að áeggjan ríkisskattstjóra. Fulltrúi ríkisskattstjóra í verkefnisstjórninni er Bragi L. Hauksson. Þessari verkefnisstjórn er ásamt verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið ætlað að vinna að framgangi stefnu stjórnvalda um upplýsingasamfélagið, sbr. ritið „Auðlindir í allra þágu“. Þekking og reynsla sem til staðar er hjá ríkisskattstjóra nýtist mjög vel í þessu starfi. Eitt stærsta verkefnið til umræðu var undirbúningur að rafrænni þjónustuveitu hins opinbera. Í því sambandi voru m.a. ræddar hugmyndir og tillögur um að nýta þjónustusíður ríkisskattstjóra til aðgangs að upplýsingum frá öðrum stofnunum.

**Vefþjónustur.** Bein rafræn samskipti milli RSK og annarra stofnana og fyrirtækja með XML vefþjónustum eru nú að ryðja sér til rúms í gagnasamskiptum. Þannig verður fyrirtækjaskrá miðlað með vefþjónustum til dreifingaraðila, auglýsingar sem birtast eiga í Lögbirtingablaðinu verða sendar með vefþjónustum, VSK-skýrslur berast þegar þannig frá bönkum og verða sendar þannig inn úr bókhaldskerfum. Þjónusta við endur-

skoðendur og bókara hefur að hluta verið byggð á vefþjónustum og verður ráðandi á árinu 2005 þegar skattframtöl og skyld gögn munu berast beint inn í kerfi RSK með vefþjónustum. Vefþjónustur sem fylgja opnum stöðlum verða á næstu árum enn mikilvægari og eru hluti af framtíðarsýn RSK. Þessi aðferð er án efa til mikils hagræðis.

**Hugbúnaðarhús og hýsing kerfa.** Í árslok 2004 var samningur við Skýrr um hugbúnaðargerð og hýsingu framlengdur um fjögur ár. Með samningnum er tryggt að ríkisskattstjóri nýtur góðs af þeirri hagræðingu sem náðst hefur á undanförunum árum og að unnið verður markvisst á samningstímanum að flutningi kerfa úr stórtölvuumhverfi yfir í dreift umhverfi.

Helstu hugbúnaðarhús, önnur en Skýrr, sem ríkisskattstjóri á viðskipti við eru XPC vegna netframtals og rafrænna skila og VKS vegna fyrirtækjaskrár og ársreikningaskrár. Þá á ríkisskattstjóri í ágætu samstarfi við DK hugbúnað vegna framtalsforrita sem og við ýmsa framleiðendur launakerfa.

Erlend samskipti upplýsingatæknideildar voru mjög mikil á árinu. Bragi L. Hauksson, Haraldur Hansson og Jóhannes Jónsson unnu ásamt Hrefnu Einarsdóttur fræðslustjóra RSK og Guðrúnu Björgu Bragadóttur skattstjóra á Vestfjörðum og fulltrúum annarra norrænna skattyrivalda að þróun norræns skattavefs og vefskattstofu. Íslensku fulltrúarnir tóku snemma frumkvæði varðandi útfærslu vefsins og högun og varð það til þess að Íslandi var falin ábyrgð á þeim þáttum ásamt hýsingu fyrst um sinn. Mikil vinna var lögð í þetta og fjölmargar ferðir farnar til hinna Norðurlandanna. Verkefni þetta er styrkt af norrænu ráðherranefndinni og er ætlað að draga úr hindrunum á flutningi fólks milli Norður-



2004

landanna með bættri og samræmdri upplýsingagiöf. Vefurinn hefur þrjár víddir, efnisflokkur, land og tungumál og var ákveðið að byrja með efnisflokkana: „Vinna í öðru landi“, „Fasteign í öðru landi“, „Lífeyrisþegar“ og „Námsmenn“.

Upplýsingar verða settar fram um hvert land á tungumálum allra landanna auk ensku. Opnun vefsins var áætluð í maí 2005.


Bragi L. Hauksson fór ásamt Guðmundi Breiðdal frá DK hugbúnaði í heimsókn til breskra skattyfirvalda í janúar og hittu þeir þar að máli yfirmann rafrænnar þjónustu og samstarfsmenn hans. Bretarnir höfðu mikinn áhuga á að kynnast galdrinum á bak við gríðarleg rafræn skil á Íslandi, en þess má geta að milljónasta vefframtalínu var skilað í Bretlandi á meðan á heimsókninni stóð. Fyrir okkur var áhugaverðast að kynnast hvernig bresk skattyfirvöld vinna með hugbúnaðarhúsum og bönkum. Bresk skattyfirvöld telja sinn lykil að auknum rafrænum skilum m.a. vera að boðið verði upp á framtalsskil í vefbönkum.

Á árinu stóð OECD fyrir könnun á straumum og stefnum í þjónustu við skattborgarana. Ríkisskattstjóri tók þátt í þessari könnun og í framhaldi af því fór Bragi L. Hauksson í lok september á fund hóps hjá OECD um rafræna þjónustu skattyfirvalda í Haag í Hollandi. Þar sem var meðal annars fjallað um niðurstöður þessarar könnunar þar sem Ísland kom mjög vel út. Á fundinum kom fram, að misjafnlega hefur tekist til við að innleiða og útbreiða rafræna þjónustu. Því var ákveðið að safna upplýsingum frá þjóðunum um þær aðferðir sem beitt hefur verið til þess að breiða út rafræna þjónustu. Bandaríkin tóku að sér að leiða þetta starf og vinna að því ásamt Íslandi og Bretlandi.

Í byrjun nóvember sótti Bragi L. Hauksson ráðstefnu IOTA (Intra-European Organisation of Tax Administrations) í Búdapest og hélt þar fyrirlestur um rafræn skattskil og þjónustu á Íslandi (eTax in Iceland). Í framhaldi af ráðstefnunni skrifaði Bragi grein um sama efni í rit samtakanna, Tax Tribune. Á þessari ráðstefnu kom berlega í ljós, að Ísland er í fremstu röð í rafrænni stjórnsýslu hvað skattamál varðar.

Um miðjan nóvember fór Bragi L. Hauksson með öðrum í verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu ásamt fulltrúum úr verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið í kynnisferð til Washington. Heimsótt var miðstöð rafrænnar stjórnsýslu hjá IBM og þangað komu einnig fulltrúar ríkisins sem vinna að framgangi rafrænnar stjórnsýslu. Þarna var margt áhugavert að sjá sem mun nýtast í áframhaldandi starfi, meðal annars við uppbyggingu rafrænnar þjónustuveitu fyrir ríkið. Í lok ferðarinnar var Eugene McDowell hjá bandarísku Veðurfræðistofnuninni heimsóttur, en hann hefur verið meðal lykilmanna í vinnu við að leysa vandamál í sambandi við notkun rafrænna skilríkja í Bandaríkjunum.

Síðar í nóvember fóru Bragi L. Hauksson og Ævar Ísberg frá upplýsingatæknideild og Brigitte M. Jónsson frá vélbúnaðardeild ásamt Bjarna Jónssyni, Gunnlaugi Guðjónssyni og Einari St. Sverrissyni frá Skýrr í kynnisferð til danskra skattyfirvalda og helsta þjónustuaðila þeirra. Þetta var fróðleg ferð. Danir fá nær öll gögn frá þriðja aðila til forskráningar og yfir 60% framteljenda þurfa engar breytingar að gera á framtölum sínum. Á meðan íslensk skattyfirvöld þurfa að fá launamiðaupplýsingar frá yfir 20.000 launagreiðendum, koma þær upplýsingar hjá dögum að mestu frá fáum þjónustuaðilum sem þjóna



2004

þorra launagreiðenda. Danir byggja eins og Íslendingar mikið á samvinnu við sinn stærsta þjónustuaðila, sem var ríkisfyrirtæki fyrir nokkrum árum. Bæði Íslendingar og Danir vinna hins vegar markvisst að því að komast út úr stórtölvu-umhverfi og verða óháðari þessum stærstu þjónustuaðilum.

Danskir sveitarstjórnarmenn heimsóttu ríkisskattstjóra í maí og kynntu sér rafræna skattastjórnsýslu á Íslandi. Í júní var ríkisskattstjórafundur Dana, Íslendinga, Færeyinga og Grænlandinga og voru þeim meðal annars kynntar þær leiðir sem Íslendingar hafa farið í þessum efnum. Í nóvember komu síðan eistneskir skattamenn í heimsókn og kynntu sér aðferðir Íslendinga og kynntu á móti áhugaverða hluti sem þeir eru að gera.

### Vélbúnaðardeild

Deildarstjóri: **Brigitte M. Jónsson**

Starfsmenn í árslok: 3

Við skipulagsbreytinguna um mitt ár voru felld undir deildina rekstur og viðhald málakerfis og þjónusta í tengslum við það.

Á árinu 2004 voru engar meiri háttar breytingar á sviði vélbúnaðar, enda búið að endurskoða og endurskipuleggja netreksturinn hjá RSK árið á undan. Eins og á fyrri árum var reynt að aðlaga netkerfið að þörfum og kröfum kerfa og notenda og tryggja þannig áframhaldandi framþróun og rekstrarsamfellu. Öryggismál voru ofarlega á blaði og var markvisst unnið að því að tryggja og bæta rekstrar- og umhverfisöryggi.

Samningur um rekstrarleigu var endurnýjaður á árinu. Flest tæki eru nú á rekstrarleigu og hefur sú aðferð gefist vel. Einnig var samningur við

Landssímann endurnýjaður og aðlagður núverandi aðstæðum og tók nýr samningur gildi 1. mars 2004. Engin grundvallarbreyting var gerð á tengingum.

Skipulagsbreytingar hjá RSK settu nokkurn svip á starfsemi vélbúnaðardeildar. Mikill tími fór í að endurskoða og aðlaga netkerfi.

**Netþjónar og útskipting véla.** Tvær unix-vélar voru endurnýjaðar á árinu. Skráarþjóninum (Regina) var skipt út fyrir samskonar vél, án breytingar á stýrikerfi eða uppsetningu. Lotus-Notesþjónninn (Diana) var færður yfir í annað stýrikerfi og keyrir nú á Linux. Þessu fylgdu ýmsar tilfæringar þar sem forrit sem eingöngu keyra á unix þurftu að flytja af Diönu yfir á aðrar unix-vélar. Gamla SNA-tengingin sem sér um samskipti við eldri kerfi hjá Skýrr var færð á Reginu. Fyrirsjáanlegt er að SNA verði ekki notað eftir 3-5 ár svo uppsetningu verður að mestu haldið óbreyttri. Managesoft-þjónninn (Sissi), sem notaður er til miðlunar á hugbúnaði til einmenningsvéla, var einnig endurnýjaður á árinu og var keypt öflugri vél sem tryggir að dreifing og utanumhald á hugbúnaði gengur vel fyrir sig. Upplýsingasöfnun um keyrandi hugbúnað er í gangi á þessari vél og virkar eins og til er ætlast. Öryggisbótum (patch) er enn dreift í gegnum SUS (Maud) og stefnt að því að svo verði áfram.

**Vélbúnaðarviðbætur.** Nýr öflugur leiðargreinir var settur upp í september sem jók samskiptahraðann við alla þjóna til muna. Flestir þjónar voru tengdir strax en aðrir þurftu lagfæringar til að geta nýtt þann hraða sem þessi vélbúnaður býður upp á. Nokkrir prentarar voru endurnýjaðir.

**Ný kerfi.** Fasteignamat ríkisins býður nú upp á uppfléttingar í gegnum vefinn og var sá sam-



skiptaháttur tekinn upp í febrúar. Um haustið var bætt við uppfléttingum í gegnum vefþjónustu hjá fasteignamatinu frá nýju fyrirtækjaskrákerfi og jafnhliða var sett upp viðeigandi högun fyrir það.

**Tengimál.** Tengingu RSK við umheiminn var breytt á árinu. Tekið var í notkun hlutanet í eigu Skýrr hf. Skýrr er aðili að RIX - Reykjavík Internet Exchange. RIX er skiptistöð íslenskra internetþjónustuaðila, þar sem þeir geta skipt IP-umferð sín á milli og komið þannig í veg fyrir að innanlandsumferð flæði um útlandasambönd. Nýja tengingin á að vera ónæmari fyrir ýmsum tegundum rekstrartruflana en hefðbundnari leiðir. Komið var upp heimatengingu hjá nokkrum starfsmönnum sem starfs síns vegna geta haft hag af því að geta tengst staðarnetinu heiman frá sér. Var þetta gert í tilraunaskyni og notast við svokallaða VPN-tækni. Eftir nokkra byrjunarörðugleika hefur þessi tilraun komið vel út.

**Hugbúnaðarkaup, uppfærslur og öryggismál.** Hugbúnaðarleyfismál voru yfirfarin og bætt við leyfum fyrir Microsoft-hugbúnaði og fleiru þar sem notendum hefur fjölgað. Eins og á fyrri árum bar mikið á öryggisholum í hugbúnaði og þarf þess vegna að hafa gott eftirlit með öllum búnaði og uppfæra reglulega. Vélbúnaðardeild sér um allar uppfærslur á hugbúnaði, bæði á vélum og netbúnaði, og notar til þess að hluta til miðlæg kerfi. Uppfærslur eru vaktaðar, þ.e. fylgst er með stöðu og allar uppfærslur samþykktar áður en þær framkvæmast. Til að tryggja sem mest rekstraröryggi voru stýrikerfi véla (netþjóna og einmenningstölva) uppfærð eftir þörfum sem

og netbúnaður. Lykla-pétur var sem fyrr settur upp á öllum tölvum og uppfærður daglega. Á póstháttni var keyrður Norton Antivirus fyrir LotusNotes og allur póstur skannaður. Uppfærsla fór fram daglega. Spamsía var sett upp í september sem síar út vírusa og SPAM úr pósti sem berst til RSK.

**Hópvinnukerfi.** Lokafrágangur var á uppfærslu GoPro hjá RSK í útgáfu 4.0.2 og á skattstofu Reykjavíkur var GoPro uppfærður í útgáfu 4.1.0 og Document Management sett inn vegna skönnunar. Hjá RSK og skattstofunni í Reykjavík eru öll erindi skönnuð inn í málakerfið. Í lok ársins var GoPro hjá skattransóknarstjóra uppfærður í nýjustu útgáfu og skönnun á innkomnum bréfum tekin upp. Töluverðrar aðlögunar (sérsmíði) er jafnan þörf við uppfærslu á GoPro hjá skattransóknarstjóra.

Auk þessara embætta nýta flestar skattstofur og yfirskattanefnd GoPro sem málakerfi. Þar er haldið utan um erindi, bréf og tölvupóst. Stefnt er að frekari uppfærslum og innleiðingu skönnunar og að nýta bestu tækni sem völ er á hverju sinni.

**Vefþjónustur.** Í nokkur ár hefur verið í notkun þjóðskrártenging sem er vefþjónusta. Úr málum í GoPro er náð í nýjar upplýsingar úr þjóðskrá (í Oracle). Hugað hefur verið að frekari tengingum milli kerfa. Útbúin var lýsing á gagnatengingu milli framtalakerfis og málakerfis. Verkefnið var ekki sett í forgang en fyrstu skref tekin og í ljós kom að samræma þyrfti uppsetningu og skráningu í GoPro milli embætta.



Forstöðumaður: Jón Geir Pormar  
Fjöldi starfsmanna í árslok: 12

Eftirlitssvið skiptist í þrjár deildir, þ.e. áætlana-deild, upplýsingadeild og eftirlitsdeild. Síðast-nefnda deildin er ný og er henni ætlað að hafa með höndum sértækt skatteftirlit og eftirlit í flókn-um og krefjandi málum.

Eftirlitssvið hefur umsjón með skipulagningu skatteftirlits á landsvísu, gerð samræmdra eftirlitsáætlana og leiðbeininga í tengslum við skatteftirlit, svo og söfnun, greiningu og úrvinnslu upplýsinga sem tengjast eftirliti. Ennfremur fylg-ist sviðið með eftirlitsstörfum starfsmanna skattkerfisins og hefur með höndum greiningu atvinnuvega, prófun nýrra eftirlitsaðgerða og þróun aðferða við skatteftirlit.

Þá sér eftirlitssviðið um söfnun og dreifingu upplýsinga samkvæmt aðstoðarsamningum í skattamálum við erlend ríki, sem og framsendingar ábendinga á milli skattumdæma, auk eftirlits með iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði og skráningar á sundurliðun búnaðargjaldsstofns.

Á árinu 2004 urðu talsverðar mannabreytingar í tengslum við breytt skipulag stofnunarinnar, auk þess sem starfsemi sviðsins var efl. Í árslok störfuðu 11 starfsmenn á eftirlitssviði, en höfðu verið 9 í upphafi ársins.

## Eftirlitsáætlun 2005

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skatt-rannsókna, skal ríkisskattstjóri árlega semja sérstaka áætlun um eftirlitsaðgerðir embættisins og skattstjóra.

Með eftirlitsáætlunum er lagður grunnur að samræmdri framkvæmd skatteftirlits á milli umdæma, umfang og áherslur í skatteftirliti ákveðnar og grundvöllur skapaður til markvissari skráningar á eftirlitsaðgerðum. Eftirlitsáætlun-um er jafnframt ætlað að skapa betri forsend-

ur fyrir greiningu og úrvinnslu niðurstaðna úr eftirlitsaðgerðum og stuðla að umræðu og skoðanaskiptum um skatteftirlit og eftirlitsaðgerðir.

Eftirlitsáætlun 2005 tekur til verkefna eftirlitsdeilda skattstjórans í Reykjavík, skattstjórans í Reykjanesumdæmi, skattstjórans í Norðurlandsumdæmi eystra og skattstjórans í Vesturlandsumdæmi.

Við val á verkefnum og aðilum til skoðunar var notast við áhættugreiningu, en hún felur í sér greiningu á fyrirliggjandi upplýsingum og mat á þeirri áhættu sem til staðar er hverju sinni. Reynt er að meta hversu líklegt er að aðilar skili röngum upplýsingum til skattyfirvalda vegna mistaka eða beinna skattsvika.

Eftirlitsáætlun 2005 skiptist að stofni til í tvennt, þ.e. í samræmdan hluta og eigin hluta skattstjóra. Samræmdi hlutinn inniheldur eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru af eftirlitsein-ingunum með sama hætti í öllum skattumdæm-um landsins. Eigin hluti skattstjóra inniheldur eftirlitsaðgerðir sem skattstjórar ákveða sjálfir og ná eingöngu til viðkomandi umdæmis eða eftirlitseiningar.

Í samræmdum hluta eftirlitsáætlunar 2005 er áherslan á skattskil lögaðila. Skoðuð verða valin atriði hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi svo og hjá einkahlutafélögum almennt, auk þess sem athyglinni verður beint að samruna félaga, starfs-tengdum greiðslum og tekjuskráningu.

Samkvæmt áætluninni skoðar eftirlitsskrifstofa skattstjórans í Reykjavík 336 mál, eftirlitsdeild skattstjórans í Reykjanesumdæmi 366 mál, eftirlitsdeild skattstjórans í Norðurlandsumdæmi eystra 169 mál og eftirlitsdeild skattstjórans í Vesturlandsumdæmi 172 mál.



2004

### **Flutningur á skattlagningarvaldi**

Á árinu 2004 bárust ríkisskattstjóra 19 beiðnir frá skattstjórum um flutning á framtals- og/eða skattlagningarstað, sbr. ákvæði 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og var lokið við afgreiðslu þeirra á árinu.

### **Upplýsingaskipti á milli landa**

Ríkisskattstjóri fer með upplýsingamiðlun á milli landa í skattamálum fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Upplýsingamiðlunin er byggð á Norðurlandasamningnum um aðstoð í skattamálum frá árinu 1989 og á tvísköttunarsamningum við hvert einstakt ríki. Jafnframt er Evrópusamningur um gagnkvæma stjórnsýsluástoð í skattamálum frá 1996 hafður til hliðsjónar en hin Norðurlöndin, auk nokkurra annarra ríkja, hafa staðfest hann.

Á árinu 2004 luku íslensk stjórnvöld gerð tvísköttunarsamnings við Austurríki. Þar með hafa verið gerðir 28 tvísköttunarsamningar við 32 ríki, en einn samningur er á milli Norðurlandanna. Fimm samningar bíða formlegrar fullgildingar og eru því 23 tvísköttunarsamningar komnir til framkvæmda. Þá hyggjast stjórnvöld ljúka gerð samninga við öll aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) á næstu árum, en Íslendingar hafa nú þegar gert samninga við 24 ríki innan hennar af 30, auk þess sem samningagerð við Grikkland og Mexíkó er langt komin. Þau fjögur OECD ríki sem þá standa eftir eru Ástralía, Japan, Nýja-Sjáland og Tyrkland. Þá er í gangi endurskoðun tvísköttunarsamninga við Bandaríkin og Þýskaland.

Upplýsingaskipti á milli ríkja á sviði skattamála geta verið með þrenns konar hætti:

1. Ríkisskattstjóri skiptist reglulega á upplýsingum við þau ríki, sem gerðir hafa verið tvískött-

unarsamningar við. Upplýsingaskiptin varða einstaklinga og lögaðila, sem bera takmarkaða skattskyldu í öðru ríkinu en ótakmarkaða í hinu.

2. Upplýsingaskipti geta verið samkvæmt beiðni, þar sem óskað er eftir að viðkomandi skatt-yfirvöldum verði veittar tiltekna upplýsingar.
3. Ríkin senda tilfallandi upplýsingar sín á milli, þ.e. upplýsingar sem geta skipt máli varðandi skattskil í því landi sem fær þær sendar.

Með fjölgun tvísköttunarsamninga hafa regluleg skipti á upplýsingum aukist verulega. Á árinu hófst endurskipulagning á ferlinu við regluleg upplýsingaskipti embættisins og er stefnt að því að ljúka þeirri vinnu árið 2005. Ríkisskattstjóra bárust 24 beiðnir eða tilfallandi upplýsingar erlendis frá um aðila hérlendis og sendi upplýsingar til útlanda um 13 aðila.

### **Takmörkuð skattskylda**

Í ársbyrjun 2004 tók ríkisskattstjóri, í samvinnu við Fjársýslu ríkisins, upp nýtt tölvukerfi til að leggja á og innheimta skatta af tekjum, sem erlendir aðilar hafa hérlendis og bera takmarkaða skattskyldu af, skv. 3. og 6. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Greiðslur sem skattskyldar eru samkvæmt umræddum lagaákvæðum teljast til launa skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og ber greiðanda eða milligöngumanni hans því að halda eftir staðgreiðslu og standa skil á henni. Samhliða hafa verið útbúin eyðublöð til að nota við skil á staðgreiðslu vegna takmarkaðrar skattskyldu og til að sækja um undanþágu og/eða endurgreiðslu þessara skatta samkvæmt tvísköttunarsamningum. Þá hafa almennar upplýsingar um takmarkaða skattskyldu verið settar á vef ríkisskattstjóra, bæði á íslensku og ensku.



2004

### **Eftirlit með iðgjaldagreiðslum**

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem tóku gildi 1. júlí 1998, var ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers einstaklings, sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.

Á árinu 2004 var aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um greidd iðgjöld einstaklinga vegna ársins 2003. Þær upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar úr framtölum einstaklinga. Í ljós kom, að lífeyrisiðgjöld reyndust vangoldin fyrir tæplega 8.900 einstaklinga. Þetta er nokkur fækkun frá árinu á undan, en þá voru lífeyrisiðgjöld vangoldin fyrir um 9.300 einstaklinga. Vikmörk voru þau sömu bæði árin.

Listar yfir einstaklinga með vangoldin iðgjöld voru sendir viðkomandi lífeyrissjóðum, en þeir einstaklingar, sem ekki voru merktir sérstökum lífeyrissjóði, voru sendir Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lífeyrissjóðirnir sjá alfarið um innheimtu á hinum vangoldnu iðgjöldum og hefur fjármálaráðuneytið gefið út reglur til að samræma vinnubrögð þeirra. Þá kallaði ríkisskattstjóri einnig eftir upplýsingum um innheimtu lífeyrissjóðanna vegna tekjuársins 2002. Þær upplýsingar voru síðan framsendar til fjármálaeftirlitsins.

### **Bókhald og tekjuskráning**

Á árinu 2004 bárust eftirlitssviði 385 tekjuskráningarerindi. Þetta er um 10% aukning frá árinu á undan, en þá bárust 346 erindi. Í flestum tilfellum var verið að óska eftir undanþágu frá hefðbundinni tekjuskráningu, þ.e. frá notkun fyrirfram númeraðra reikninga í þríriti yfir í sölureikninga í einriti. Í sumum tilfellum var óskað eftir undanþágu frá notkun sjóðvéla. Upplýsingar um bók-

haldskerfi má sjá á vefsíðu ríkisskattstjóra. Þar má jafnframt sækja um heimild til að prenta út reikninga í einriti, en árið 2004 bárust nánast öll tekjuskráningarerindin í gegnum vefinn.

Líkt og í fyrra bárust fyrirspurnir um rafræna miðlun reikninga og hýsingu gagna, jafnvel af þriðja aðila. Unnið var í samvinnu við réttarsviðið að úrlausn þeirra. Megin niðurstaðan var að endurskoða þyrfti lög og reglugerð um tekjuskráningu. Í framhaldi af því var fjármálaráðuneyti sent erindi þess efnis.

### **Búnaðargjald**

Ríkisskattstjóri hefur á síðustu fjórum árum unnið samantekt heildartalna um skiptingu tekna af búnaðargjaldi milli einstakra búgreina samkvæmt fyrirbyggjandi sundurliðunum úr skattframtölum. Skattstjórar leggja á búnaðargjald og ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum. Á grundvelli þeirrar sundurliðunar er tekjum af búnaðargjaldi skipt á milli einstakra sjóða og samtaka landbúnaðarins.

Aflað var upplýsinga um álagt búnaðargjald vegna tekjuársins 2003 frá skattstjórum og sundurliðun gjaldstofns eftir búgreinum samkvæmt skattframtölum. Mun fleiri framtölum vegna landbúnaðar var skilað rafrænt en áður og auðveldaði það vinnuna mjög. Samt var sundurliðun gjaldstofns eftir búgreinum ábótavant.

Þegar sundurliðunin lá fyrir hjá öllum framteljendum voru niðurstöðurnar sendar Fjársýslu ríkisins og bændasamtökunum.

### **Ábendingar**

Upplýsingar sem almenningur veitir skattyfirvöldum að eigin frumkvæði eru mikilvægar við framkvæmd skatteftirlits. Á árinu 2004 bárust eftirlitssviði ríkisskattstjóra alls 38 ábendingar varð-



andi hugsanlegan undandrätt eða skattsvik. Í flestum tilfellum var verið að vekja athygli á ofgreiðslu barnabóta og vaxtabóta m.t.t. skráningar sambúðarfólks í þjóðskrá.

Ábendingarnar voru yfirleitt framsendar eftirlitseiningum skattstjóranna til úrlausnar.

#### **Bindandi álit**

Á undanförunum árum hefur fjölgað talsvert þeim fyrirtækjum, sem sótt hafa um og fengið bindandi álit fjármálaráðuneytis um túlkun á tvísköttunarsamningum. Í álitum þessum er staðfest hvernig skattlagningu þessara félaga skuli hátt að hér á landi með tilliti til viðkomandi tvísköttunarsamninga. Félög þessi eru nær undantekningarlaust dótturfélög erlendra fyrirtækja og stofnuð hér á landi í þeim tilgangi að fjármagna

starfsemi móðurfélaga þeirra í útlöndum. Með stofnun dótturfélaga, sem hafa fasta starfstöð hér á landi, og útibúum þeirra í þriðja landi, geta móðurfélögin náð umtalsverðu skattahagræði.

Gerð var athugun af hálfu ríkisskattstjóra á umfangi þeirra félaga, sem fengið höfðu bindandi álit frá fjármálaráðuneytinu um túlkun á tvísköttunarsamningum. Í ljós kom, að á síðustu fimm árum hafa 39 fyrirtæki fengið slíkt álit. Samkvæmt skattframtölum þessara félaga jukust heildareignir þeirra úr 26 milljörðum króna á árinu 1999 í 970 milljarða króna á árinu 2003. Á sama tíma jókst hagnaður þeirra úr 2 milljörðum króna árið 1999 í 59 milljarða króna árið 2003. Álagðir skattar fóru úr 5 milljónum króna árið 1999 í 312 milljónir króna árið 2003.

Forstöðumaður: Guðni Ólafsson

## Skatteftirlit ríkisskattstjóra

Skatteftirlit ríkisskattstjóra hefur á undanförunum árum sinnt skatteftirliti í skattumdæmum utan Reykjavíkur- og Reykjanessumdæma, í samvinnu og samráði við skattstjóra viðkomandi umdæma. Sérstakur eftirlitsfulltrúi hefur verið staðsettur hjá skattstjóranum í Vesturlandsumdæmi og hefur hann séð um eftirlit í því umdæmi undir stjórn viðkomandi skattstjóra. Á árinu ákvað fjármálaráðherra breytingar á tilhögun skatteftirlits á landsbyggðinni. Samkvæmt ákvörðun ráðherra mun skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra annast skatteftirlit í Norðurlandsumdæmi vestra, Austurlandsumdæmi auk eigin umdæmis. Þá mun skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi annast skatteftirlit í Vestfjarðaumdæmi, Suðurlandsumdæmi, umdæmi skattstjórans í Vestmannaeyjum auk eigin umdæmis. Þessar breytingar tóku formlega gildi 1. október 2004.

## Deildir

Starfsemi skatteftirlits ríkisskattstjóra er formlega skipt upp í tvær deildir, annars vegar eftirlitsdeild og hins vegar úrskurðadeild. Eftirlitsdeildin sér um skatteftirlit, sem felur í sér heimsóknir á starfsstöðvar gjaldenda í vettvangs- og bókhaldsskoðanir og ritun fyrirspurnarbréfa og boðunarbréfa vegna fyrirhugaðra gjaldabreytinga. Úrskurðadeildin sér um að endurákvarða í þeim málum sem fá slíka meðferð, auk þess að framkvæma skýrslutökur. Ennfremur aðstoða starfsmenn úrskurðadeildar við skatteftirlit.

## Skipting verkefna

Eftirlitsverkefnum er skipt í eftirlit innan ársins annars vegar og eftirlit eftir álagningu hins vegar.

Eftirlit innan ársins getur beinst að þeim sköttum sem standa skal skil á innan ársins, þ.e. virðisaukaskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Eftirlitið getur falist í reglulegu og sértæku eftirliti. Reglulegt eftirlit felst þannig í almennri könnun á skilum eins eða fleiri tímabila, á meðan sértækt eftirlit felst í því að kanna afmarkaða þætti innan hvers skattflokks, t.d. ef eingöngu er kannaður innskattur í virðisaukaskattsskilum viðkomandi. Með eftirliti eftir álagningu er átt við gagnrýna endurskoðun á framtölum gjaldenda. Þetta eftirlit skiptist einnig í reglulegt eftirlit, sem felst í að skoða skattskil gjaldenda almennt, og sértækt eftirlit, sem felst í skoðun afmarkaðra atriða sem tengjast skattskilum fyrri ára hjá gjaldendum.

## Verkefni ársins 2004

Á árinu 2004 var unnið samkvæmt samræmdri eftirlitsáætlun skattstjóra og ríkisskattstjóra. Eftirlitsáætlun skattstjóra og ríkisskattstjóra samanstendur af samræmdum hluta annars vegar og eigin hluta skattstjóra hins vegar. Miðað var við að um 50% af vinnumagni væri ráðstafað til hins samræmda hluta eftirlitsáætlunar. Við val á aðilum í samræmda hlutanum var notast við áhættugreiningu, þar sem reynt var að skoða þau atriði sem gátu gefið vísbendingu um að skattskil væru ekki í samræmi við skattalög. Eins og gefur að skilja markaðist starfsemi skatteftirlits ríkisskattstjóra á árinu 2004 nokkuð af þeim fyrirhuguðu breytingum á tilhögun skatteftirlits á landsbyggðinni. Reynt var að ljúka sem flestum málum sem stofnað hafði verið til. Um áramót var þó enn ólokið nokkuð af málum.



2004

### Afgreiðsla mála hjá skatteftirliti ríkisskattstjóra

Í lang flestum tilvikum afgreiðir skatteftirlit ríkisskattstjóra þau mál sem unnið er að á þann hátt að þeim er lokið á því stjórnslustigi, þ.e.a.s. að ef tilefni er til breytinga á opinberum gjöldum í framhaldi af skoðun, þá framkvæmir skatteftirlit ríkisskattstjóra þá breytingu. Máli lýkur þá með úrskurði um endurákvörðun, sem kæránlegur er til yfirskattanefndar. Skattstjórar hafa einnig framkvæmt gjaldabreytingar í tilteknum málum, sem skatteftirlit ríkisskattstjóra hefur aðstoðað við að upplýsa.

### Tölulegar upplýsingar

Breytingar á opinberum gjöldum og virðisaukaskatti samkvæmt endurákvörðunum:

	2004	2003
Opinber gjöld	12.430.090	28.427.388
Virðisaukaskattur	13.475.984	6.660.404
Tryggingagjald	2.914.333	207.744
Lækkun yfirfæranl. taps	6.384.214	5.663.305

### Málafjöldi:

	2004	2003
Stofnuð ný mál á árinu	81	70
Í vinnslu f.f.ári	110	159
Lokið á árinu		100
	81	
Fjöldi endurákvörðana	24	36
Framsent til SRS	1	2
Í vinnslu um áramót	66	110

# Fyrirtækjaskrá

2004

Forstöðumaður: Skúli Jónsson  
Fjöldi ársverka: 11

Fyrirtækjaskrá RSK hefur með höndum skráningu á öllum fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum sem starfandi eru á landinu, að frátöldum sameignarfélögum, sem enn eru skráð hjá sýslumönnum. Ennfremur sér fyrirtækjaskrá um skráningu húsfélaga og hvers kyns áhugamannafélaga og samtaka sem talin er þörf á að setja í opinbera skrá. Í kjölfar skipulagsbreytinga um mitt ár 2004, sem frekari grein er gerð fyrir fyrr í ársskýrslunni, var söfnun og skráning ársreikninga felld undir starfsemi fyrirtækjaskrár.

Mannahald var með svipuðu sniði og verið hefur en þó bættist við eitt stöðugildi í tengslum við ársreikningaskrá.

## Lagarammi

Sá lagarammi sem starfsemi fyrirtækjaskrár byggir á er í meginatriðum tvíþættur, annars vegar er um að ræða lög um fyrirtækjaskrá sem eru á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og hins vegar eru lög um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri en þau eru á forsjá viðskiptaráðuneytisins.

8. október 2004 tóku gildi lög um Evrópu-félög nr. 26/2004, en að öðru leyti var ekki um að ræða lagabreytingar á árinu sem snertu starfsemi fyrirtækjaskrár.

## Starfsemi

Fyrirtækjaskráin samanstendur af nokkrum meginskráum og er hlutafélagaskráin þar þýðingarmest. Verkefni felast að mestu í að taka á móti tilkynningum, yfirfara þær og skrá þær breytingar sem tilgreindar eru. Flestar tilkynningar lúta að stofnun nýrra félaga, breytingar á

stjórn, framkvæmdastjórn, endurskoðendum, prókúruhöfum, samþykktum og loks samruna og skiptingu félaga. Lögin setja ákveðnar reglur um innihald og form og fer mestur tími starfsmanna í að ganga úr skugga um og sjá til að tilkynningar uppfylli öll formskilyrði laga. Á árinu 2004 var veruleg aukning í innsendum tilkynningum á nær öllum sviðum eins og raunar verið hefur undanfarin ár. Í alltof miklum mæli eru tilkynningar sem skránni berast ófullnægjandi og þarfnast lagfæringa. Virðist oft á tíðum vera mjög kastað til höndum þegar tilkynningar eru útbúnar og tefur þetta talsvert afgangi mála.

Árlega þarf að skera úr nokkrum lögfræðilegum ágreiningsefnum er varða túlkun á hlutafélagalögum og fleiri lögum. Um getur verið að ræða beiðni um ítarlegan rökstuðning fyrir synjun skráningar eða endurupptöku ákvarðana sem þegar hafa verið skráðar. Unnt er að kæra niðurstöður slíkra ákvarðana hlutafélagaskrár til fjármálaráðuneytis. Vanda þarf til verka í slíkum málum, kalla eftir gögnum og sjónarmiðum aðila og rökstyðja ákvarðanir á fullnægjandi hátt, þar sem niðurstaðan getur haft fordæmisgildi að því er varðar hliðstæð mál í framtíðinni.

Á hverju ári berast fyrirtækjaskrá umsóknir um skráningu á fjórða hundrað ýmis konar áhugamannafélaga. Fer sérstök innanhúsnefnd vikulega yfir þessar umsóknir og metur hvort forsendur séu fyrir skráningu viðkomandi félags. Talsverð vinna er vegna þessa, bæði við leiðbeiningar og útskýringar á því hvaða skilyrði þarf að uppfylla svo skráning sé heimiluð, svo og við skráningu og bréfaskriftir vegna þeirra félaga sem synjað er skráningar.

Auk þess að skrá breytingar sem verða hjá



2004

aðilum sem í fyrirtækjaskránni eru, skal veita opinberum aðilum, fyrirtækjum og almenningi upplýsingar úr skránni. Þetta er einkum gert með útgáfu vottorða um einstök félög og einnig er gjarnan óskað eftir ljósritum af tilteknum gögnum úr skránni.

Afar mikið er um fyrirspurnir í síma, þrátt fyrir að stöðugt sé leitast við að koma á framfæri leiðbeiningum á vef ríkisskattstjóra.

Á árinu var enn unnið að smíði nýs tölvukerfis fyrir fyrirtækjaskrá sem ætlunin var að taka í notkun á haustmánuðum. Þessi vinna reyndist tafsamari en ætlað var og tókst ekki að koma kerfinu í gagnid fyrr en um miðjan janúar 2005.

#### Tölfræðilegar upplýsingar.

Hér að neðan er tafla um fjölda mála í helstu málaflokkum sem unnið er að í fyrirtækjaskrá:

	2004	2003	2002	2001
Skráning nýrra einkahlutafélaga	2.545	2.365	3.084	1.870
Skráning nýrra hlutafélaga	13	24	36	32
Samrunar	183	152	138	126
Skiptingar	32	22	20	29
Almennar aukatilkygningar	4.895	4.363	4.175	3.398
Afskráningar	256	212	170	131
Skráning almennra félagasamtaka	305	303	582	433
Skráning húsfélaga	317	341	273	305
Vottorð úr hlutafélagaskrá	2.620	1.858	2.453	2.677
Staðfest ljósrit úr hlutafélagaskrá	1.682	1.618	1.450	1.292





## JANÚAR

### Orðsendingar

Orðsending nr. 1 varðandi skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2004

Orðsending nr. 2 varðandi skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2003

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 1 um fast gjald þungaskatts

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 2 um álestrartímabil 20. janúar til 10. febrúar og nýja gjaldskrá

Orðsending til launagreiðenda nr. 1 um staðgreiðslu 2004

Orðsending til launagreiðenda nr. 2 um skattmat 2004 – tekjur manna

Orðsending um fjármagnstekjuskatt nr. 1 um skil á afdreginni staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur

### Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 121/2003, um breyting á lögum um tryggingagjald nr. 113/1990, öðluðust gildi

Lög nr. 133/2003, um breyting á lögum um alþjóðleg viðskiptafélög nr. 31/1999, öðluðust gildi

Lög nr. 143/2003, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003, öðluðust gildi

Lög nr. 144/2003, um breyting á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002, öðluðust gildi

Lög nr. 145/2003, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, öðluðust gildi

Reglugerð nr. 69/2004, um breytingu á reglugerð um framtal og skil á virðisaukaskatti nr. 667/1995, öðlaðist gildi

Reglugerð nr. 85/2004, um breytingu á reglugerð um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga milli

landa nr. 63/1994, sett með gildi frá 1. janúar 2004

Auglýsing nr. 1/2004 um skilaskyldu og skilafresti á árinu 2004 fyrir launaskýrslur o.fl. skv. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt

Auglýsing nr. 2/2004 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt

Auglýsing nr. 3/2004 um gjaldstofn búnaðargjalds vegna rekstrarársins 2003

Auglýsing nr. 4/2004 um fresti til að skila framtölum og um form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2004 á tekjur ársins 2003 og eignir í lok þess árs

Auglýsing nr. 5/2004 um skattmat á bústofni til eignar 2004

Auglýsing nr. 6/2004 um breytingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2003, sbr. auglýsingu í 145 tbl. Lögbirtingablaðsins, dags. 31. október 2003 um að álagningu sé lokið

### Álagning

Álagning fasts gjalds þungaskatts (16.520 ökutæki)

Álagning bifreiðagjalds og úrvinnslugjalds (146.071 ökutæki)

## FEBRÚAR

### Orðsendingar

Orðsending nr. 1 um búnaðargjald vegna búvöruframléiðslu á árinu 2003

Orðsending til launagreiðenda nr. 3 um staðgreiðslu skatta af greiðslum og þóknun-



um til erlendra aðila fyrir þjónustu, aðra starfsemi, réttindi o.fl.

#### **Lög og stjórnvaldsfyrirmæli**

Auglýsing nr. 7/2004 um reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2004

#### **Álagning**

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (12.407 ökutæki)

#### **Skattframtöl**

Árituð voru 24.086 framtöl fyrir lögaðila, auk launaframtala og annarra gagna

### **MARS**

Vefframtal var opnað 2. mars.

#### **Skattframtöl**

Árituð voru 125.816 framtöl fyrir 170.813 einstaklinga. Send voru út veflyklabréf til alls 49.653 einstaklinga sem afþökkuðu á fyrra ári að fá sent pappírframtalið.

### **APRÍL**

#### **Lög og stjórnvaldsfyrirmæli**

Lög nr. 28/2004, um breyting á lögum um ársreikninga nr. 144/1994, öðluðust gildi.

#### **Tíund**

Fyrsta tölublað ársins af Tíund kom út

### **MAÍ**

#### **Orðsendingar**

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 3 um álestrartímabil 20. maí til 10. júní

Orðsending til launagreiðenda nr. 4 um skil á launaskýrslum o.fl.

#### **Lög og stjórnvaldsfyrirmæli**

Lög nr. 82/2004, um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur

Auglýsing nr. 8/2004 um framlagningu skattskrár 2003 og virðisaukaskattskrár fyrir rekstrarárið 2002

Auglýsing nr. 9/2004 um fresti lögaðila, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, til að skila framtölum vegna álagningar og opinberra gjalda á árinu 2004/2005 á tekjur reikningsársins og eignir í lok þess

#### **Vsk-fundur**

Fundur um virðisaukaskatt haldinn með þeim sem koma að framkvæmd hans.

### **JÚNÍ**

#### **Álagning**

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (13.069 ökutæki)

### **JÚLÍ**

#### **Lög og stjórnvaldsfyrirmæli**

Lög nr. 25/2004, um breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995, öðluðust gildi.

Lög nr. 82/2004, um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur nr. 52/1989, öðluðust gildi.

Reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta, öðlaðist gildi.



2004

Reglugerð nr. 559/2004, um breytingu á reglugerð um greiðslu vaxtabóta nr. 990/2001, öðlaðist gildi.

Reglugerð nr. 642/2004, um breytingu á reglugerð um greiðslu vaxtabóta nr. 990/2001, öðlaðist gildi.

Auglýsing nr. 10/2004 um álagningu opinberra gjalda á árinu 2004

Álagning

Álagning fasts gjalds þungaskatts (17.593 ökutæki)

Álagning bifreiðagjalds og úrvinnslugjalds (172.024 ökutæki)

## ÁGÚST

### Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Auglýsing nr. 11/2004 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2005

### Tíund

Annað tölublað ársins af Tíund kom út

Skattstjórafundur

Hinn árlegi skattstjórafundur með fjármálaráðuneyti og skattstjórum haldinn á Sauðárkróki

## SEPTEMBER

### Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 4 varðandi álestrartímabil og lög um olúgjald

## OKTÓBER

### Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Auglýsing nr. 12/2004 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga 2004

### Álagning

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (13.662 ökutæki)

## NÓVEMBER

### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 5 um hlutfjármiða, launamiða og launaframtal 2005

### Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 118/2004, um breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995, öðluðust gildi.

### Vsk-fundur

Fundur um virðisaukaskatt haldinn með þeim sem koma að framkvæmd hans.

## DESEMBER

### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 6 um forskráningu launa og starfstengdra greiðslna á skattframtöl einstaklinga 2005

### Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 123/2004, um breyting á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, öðluðust gildi.

Reglugerð nr. 1041/2004, um innheimtu þingjalda og jöfnunargjalds á árinu 2005, öðlaðist gildi.

### Tíund

Þriðja tölublað ársins af Tíund kom út

# Skipurit

